

# Árbók Íslands 2012

Jón Árni Friðjónsson

tók saman

## EFNISYFIRLIT

Árferði .....	100
Bókmenntir og fræði .....	102
Búnaður .....	109
Forseti Íslands .....	113
Hafís við Ísland .....	115
Iðnaður .....	116
Íbúar Íslands .....	117
Íþróttir .....	120
Kirkjan .....	126
Mannalát .....	127
Náttúra Íslands .....	130
Próf .....	133
Raforkumál .....	135
Samgöngur og ferðamál .....	136
Slys .....	139
Stjórnmal .....	141
Sveitarstjórnarmál .....	147
Tónlist .....	150
Útvegur .....	152
Verslun .....	155
Vísitölur og verðlag .....	157
Ýmislegt .....	158

## HEIMILDIR

Byggt á opinberum fjölmiðlum, útgefnum skýrslum og upplýsingum einstakra stofnana.

### *Helstu vefir:*

Alþingi: <http://www.althingi.is>

Bókmenntir: <http://www.bokmenntir.is>

Ferðamálastofa: <http://www.ferdamalastofa.is>

Fiskistofa: <http://www.fiskistofa.is>

Hagstofa Íslands: <http://www.hagstofan.is>

Háskólinn á Akureyri: <http://www.unak.is>

Háskólinn á Bifröst: <http://www.bifrost.is>

Háskóli Íslands: <http://www.hi.is>

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og sérsambönd: <http://www.isi.is>

Keflavíkurlflugvöllur: <http://www.kefairport.is>

Landsvirkjun: <http://www.landsvirkjun.is>

Listaháskólinn: <http://www.lhi.is>

Náttúrufræðistofnun Íslands: <http://www.nsi.is>

Orkuveita Reykjavíkur: <http://www.or.is>

Rafmagnsveitur Ríkisins: <http://www.rarik.is>

Rannsóknarnefnd sjóslýsa: <http://www.rns.is>

Rannsóknarnefnd umferðarslýsa: <http://www.rnu.is>

Skrifstofa forseta Íslands: <http://www.forseti.is>

Stjórnarráð Íslands: <http://www.stjr.is>

Veðurstofa Íslands: <http://www.vedur.is>

### ***Heimildarmenn og höfundar einstakra kafla:***

Markús Möller – *Vísitölur*

Ólafur Ásgeirsson – *Heimir Þorleifsson, kveðjuorð*

Sigurður Kristjánsson – *Búnaður*

Dr. Þór Jakobsson – *Hafís við Ísland*

### ***Ljósmyndir:***

Bjarnþór G. Kolbeins: bls. 131, 133

Einar Heimisson: bls. 99

Jón Árni Friðjónsson: bls. 113, 138, 149, 153, 161, 163, 168



*Heimir Þorleifsson*, höfundur árbókar Almanaks Þjóðvinafélags til þrjátíu ára, lést eftir erfið veikindi 17. júlí 2013. Heimir átti jafnframt sæti í stjórn Þjóðvinafélagsins í um aldarfjórðung. Það kom í hlut Heimis að laga árbókina að breyttum tímum og annast Almanakið á byltingarskeiði prentlistarinnar sem gekk yfir í lok síðustu aldar. Hvort tveggja fórst honum vel úr hendi. Útlit og frágangur var í takt við samtímann og smekkvísi Heimis fékk að njóta sín. Þá hafði Heimir lengst af með höndum samskipti Þjóðvinafélags við Sögufélag í útgáfumálum eftir að Bókaútgáfa Menningarsjóðs var lögð niður. Stóð svo allt til ársins 2011.

Heimir Þorleifsson var ötull baráttumaður sagnfræðinnar og kom víða við í sérgrein sinni. Hann var kennari og vísindamaður, kennslubókahöfundur og um árabíl forseti Sögufélags þar sem hann átti drjúgan hlut að útgáfu mikilvægra sagnfræðiritra.

Heimir var góður samstarfsmaður í stjórn Þjóðvinafélagsins og er skarð fyrir skildi. Stjórn Hins íslenska Þjóðvinafélags þakkar Heimi Þorleifssyni áratuga störf þágu félagsins og flytur ástvinum hans dýpstu samúðarkveðjur.

## ÁRFERÐI

Árið 2012 var óvenjuhlýtt, meðalhiti í Reykjavík var 5,5 stig, 1,2 stigum hærrí en á árunum 1961–1990, en á Akureyri var meðalhiti 4,3 stig sem er 1,1 stigi hærra en meðaltalshiti sömu ára. Meðalhiti ársins var hæstur í Surtsey, 6,8 stig. Hæstur hiti mældist á Eskifirði 9. ágúst, 28 stig. Lægstur hiti mældist hins vegar á Brúarjökli 2. apríl, -25,7 stig. Lægsti hiti í byggð var í Svartárkoti hinn 25. desember, -24,6 stig. Hitastig varð hæst í Reykjavík 16. ágúst, 21,3 stig, en á Akureyri komst hiti í 24,4 stig hinn 16. ágúst. Lægst varð hitastig í Reykjavík 3. janúar, -7,9 stig, en á Akureyri fór hitastig niður í -12,3 stig. Eru hitatölur óvenjuháar á báðum stöðum, jafnt í mínus sem plús. Úrkomu var nokkuð misskipt ef svo má segja, langvinnir þurrkar ollu víða vandræðum yfir sumartímann. Í Reykjavík var ársúrkoma 950,8 mm, sem er um 19% yfir meðallagi. Munar þar mestu um mikla úrkomu 29. desember, 54,6 mm, sem er met. Á Akureyri var ársúrkoma 578,9 mm, eða en það er um 18% yfir meðallagi. Þar munar mest um mikla úrkomukafla í september og nóvember. Í Stykkishólmi og á Stórhöfða var úrkoma í meðallagi.

Umhleytingasamt var í byrjun árs en fyrstu þrjú mánuðir ársins voru þó óvenjuhlýr. Um mánaðamót mars-apríl gekk veður til norðlægrar áttar og settu norðan- og norðaustanáttir svip á allt tíðarfar það sem eftir var ársins. Sumarið var heldur sólríkt en þurrt víða um norðvestan- og vestanvert landið. Vetur lagðist hins vegar snemma að norðanlands og urðu snjóþýngsli með mesta móti víða á Norðurlandi og á Vestfjörðum. Hausthret ollu fjárskaða víða.

*Janúar* var heldur umhleytingasamur og víða talsverður snjór þó að hitastig væri ofan við meðallag. Úrkoma var víða mun meiri en algengast hefur verið, t.d. á Stórhöfða þar sem aldrei hefur mælst eins mikil úrkoma í janúar. Í Reykjavík var snjór með almesta móti.

*Febrúar* var óvenjuhlýr um allt land og fór hiti jafnvel í 14,8 stig á Teigarhorni við Berufjörð 14. dag mánaðarins. Úrkoma var mikil um Suður- og Vesturland og voru nokkur úrkomumet slegin; í Reykjavík var t.d. úrkoma 28 daga af 29 — en þetta ár var hlaupár. Snjór var með minnsta móti og ekki urðu stórviðri í byggð.

*Mars* var mjög hlýr, ekki síst á Norður- og Austurlandi, en úrkomusamur um Suður- og Vesturland og almennt snjóléttur. Aðeins voru þrjú úrkomulausir dagar í Reykjavík og heldur sólarlítið. Hæsti hiti sem nokkru sinni hefur mælst á Íslandi í mars var á Kvískerjum hinn 29. eða 20,5 stig. Mestur kuldi í byggð varð hins vegar við Mývatn 18. mars, -19,9 stig.

*Apríl* var kaldari en mars hafði verið um landið norðan- og austanvert og hiti undir meðallagi austanlands en þó yfir meðallagi vestanlands. Úrkoma var í meðallagi í Reykjavík en annars var hún víðast með minna

móti og snjólétt um allt land. Veður var almennt með kyrrara móti og hefur apríl ekki verið jafn hægviðrasamur síðan 1998.

*Mái* byrjaði vel en þá hófst kuldakast sem stóð í nær þrjár vikur og snjóaði sums staðar talsvert, m.a. í Neskaupstað. Síðustu vikuna voru veruleg hlýindi þannig að hitastig mánaðarins er almennt nálægt meðallagi. Kaldast varð í byggð á Þingvöllum hinn 9., -10,1, en hæst komst hiti í 22 stig á Kollaleiru 26. maí. Úrkoma var með minna móti sunnanlands sem og víða norðanlands og vestan en annars víða nálægt meðallagi. Sólríkt var bæði á Akureyri og í Reykjavík.

*Júní* var mjög þurr, einkum um landið vestanvert, og hefur úrkoma m.a. aldrei mælst jafnlítill í Stykkishólmi frá upphafi, 1857, eða 0,6 mm. Hlýtt var á vestanverðu landinu, í Reykjavík var meðalhiti 10,7 stig, en á austanverðu landinu var fremur kalt; meðalhiti á Akureyri var 8,9 stig, 0,3 stig undir meðallagi, en á Egilsstöðum var hiti 1,3 stig undir meðallagi. Í heild var mánuðurinn mjög sólríkur en þó að meðalhiti væri allhár um daga norðanlands voru nætur kaldar og gróður kom seint til.

*Júlí* var hlýr um allt land og stillt veður; sólríkt bæði á Akureyri og í Reykjavík. Á Stórhöfða hefur meðalhiti aldrei mælst jafnhár í júlí. Þurrviðrasamt var enn um allt land en þó ekki jafnþurrt og í fyrra mánuði; voru tún víða illa farin af þurrkum á Norðvesturlandi. Hinn 22. júlí kom djúp og víðáttumikil lægð að landinu og olli nokkru hvassviðri; fór loftþrýstingur niður í 972,8 hPa á Stórhöfða, sem er það lægsta sem mælst hefur á landinu í júlí.

*Ágúst* var almennt hlýr og sólríkur. Meðalhiti í Reykjavík var 12,3 stig en hæst komst hiti í 28 stig á Eskifirði 9. ágúst. Næturfrost urðu sums staðar í lok mánaðarins; á Brúsastöðum í Vatnsdal komst frost í -5,3 stig 26. ágúst og mun það vera dægurmet. Enn var mjög þurrviðrasamt á Norður- og Norðvesturlandi.

*September* varð hinn erfiðasti þar sem fyrstu haustlægðinni fylgdi mikið hríðarveður um norðanvert landið dagana 9.–11. Fannfergi varð víða mikið um norðanvert landið og olli m.a. því að fé grófst í fönn en ísing sleit niður raffínur. Varð verulegur fjárskaði víða og skipulag gangna og haustsmölunar fór allt úr skorðum. Hitastig var annars um meðallag en úrkoma með allra mesta móti.

*Október* var í meðallagi hlýr um sunnanvert land en heldur kaldari norðaustan- og austanlands; meðalhiti 4,4 stig í Reykjavík en 2 stig á Akureyri. Úrkoma var með minna móti og heldur sólríkt bæði á Akureyri og í Reykjavík. Engin stórviðri urðu.

*Nóvember* var aftur á móti harður og tíðarfar óhagstætt. Illviðrasamt var um land allt; norðanáhlaup í byrjun mánaðar olli foktjóni víða. Úrkoma var með mesta móti norðanlands og austan; veruleg snjóþyngsli víða norðanlands en snjólétt syðra. Hitastig var nálægt meðallagi miðað

við árin 1961–1990, lítillaga herra í Reykjavík en heldur lægra á Akureyri.

*Desember* var snjóþungur um Vestfirði og Norðurland, einkum austanvert; var alhvítt á Akureyri nær allan mánuðinn. Þá var nýtt úrkomumet sett í Reykjavík hinn 29., 54,6 mm. Hitastig var hins vegar ofan meðallags um mestallt land.

— Byggt á yfirliti Veðurstofu

## BÓKMENNTIR OG FRÆÐI

Í lok árs 2012 samþykkti Alþingi lög um Miðstöð íslenskra bókmennta er skyldi taka við hlutverki bókmenntasjóðs, sem og verkefninu Sögueyjan Ísland er annaðist þátttöku Íslands sem heiðursgests á bókasýningunni í Frankfurt 2011.

Bókaútgáfa var blómleg á Íslandi árið 2012, einkum skáldsagnaútgáfa. Sem fyrr voru glæpasögur einna söluhæstar, *Reykjavíkurnætur* eftir Arnald Indriðason — sem fjallar um upphaf lögregluferils Erlendar — og *Kuldi Yrsu Sigurðardóttur* voru t.d. í öðru og þriðja sæti jólabókametsölulista Félags bókaútgefenda. Í fyrsta sæti var hins vegar *Gísli á Uppsölum* eftir Ingibjörgu Reynisdóttur. En í fjórða sæti á sama lista, og efst af almennum fræðiritum, var *Hárið* eftir Theóðóru Mjöll.

Í október hófst sérsök Lestrarhátíð bókmenntaborgarinnar Reykjavíkur. Af því tilefni var *Vögguvísa* Elíasar Mar endurútgefin. Þá var settur upp minningarskjöldur um barinn Adlon, sem var í Aðalstræti og nefndur Langibar, en hann tilheyrði söguviði bókarinnar.

Loks er þess að geta að bók Viðars Hreinssonar um Stephan G. var gefin út í Kanada undir heitinu *Wakeful Nights. Stephan G. Stephansson Icelandic-Canadian Poet*.

### *Skáldsögur um skáldskaparlistina*

Eitt af því sem einkenndi bókmenntir ársins 2012 var að allmargir höfundar skrifuðu með einum eða öðrum hætti um skáldskaparlistina eða sagnalistina sjálfa. Þar má nefna tvær bækur um miðaldabókmenntir, sem styðjast við og túlka efni fornsagna, og þrjár nútímaskáldsögur sem allar eru skrifaðar í fyrstu persónu.

Einar Kárason lauk Sturlungu-þrileik sínum með bókinni *Skáld*. Þar er horft til átaka 13. aldar frá sjónarhóli mannsins sem lifði þau af og skrifaði um í Íslendinga sögu Sturlungu, Sturlu Þórðarsonar. Hér eru honum eignuð fleiri skrif, svo sem Færeyinga saga, sem hann setur saman á meðan hann hefur vetursetu í Færejum, en auk þess sjálf Njála — en ekki hafa fræðimenn almennt fallist á þessar kenningar. Þá dregur Einar upp litríka mynd af sagnaritaranum Snorra Sturlusyni og umfangsmikilli

starfsemi hans í Reykholti þar sem lærisveinar nema handbragðið en heppnast misvel að ná tókum á listinni. Það er hins vegar ljóst að allt líf Sturlu Þórðarsonar virðist, ef marka má hinar fornu bækur, hafa verið lýsandi dæmi um þann sannleika sem verður jafnframt niðurstaða verks Einars Kárasonar: Penninn er notadrýgra verkfæri en sverðið.

Þórarinn Eldjárn sendi hins vegar frá sér bókina *Hér liggur skáld* en titillinn er upphafshending kvæðis sem Hallbjörn hali orti til að vegsama Þorleif jarlsskáld í lok 12. aldar. Hallbjörn er aðeins smalamaður en þráir að verða skáld og leggur sig gjarna til svefnis á haug Þorleifs sem veginn var á Þingvöllum tveimur öldum fyrr. Loks þolir haugbúinn ekki við undir stöðugu kveðskaparbasli smalans heldur birtist honum í draumi og hjálpar honum af stað svo að Hallbjörn rís úr öskustó sem fullburða „þjóðskáld“ og yrkir um Þorleif kvæði það sem verður e.k. leiðarstef bókarinnar — í „endurgerð“ Þórarins. Í raunveruleikanum byggist sagan á Svarfdælasögu og Þorleifs þætti jarlsskálds og fjallar um viðureign illskunnar og hinnar göfugu listar skáldskaparins.

*Ósjálfrátt* eftir Auði Jónsdóttur er óvenjuleg bók. Hún er sjálfsævi-söguleg; aðalsöguhetjan er e.k. spegilmynd höfundarins og meginefni bókarinnar er þroskasaga hennar sjálfar, fléttuð saman við frásagnir af fólki nákomnu henni. Sjálfur titillinn vísar til þess sem nefnt hefur verið ósjálfráð skrift — texta sem kemur til skrifarans úr öðrum heimi — eða í þessu tilviki sagna sem beinlínis knýja á um að vera skrásettar. Sögumaður er jafnframt að fást við sína fyrstu skáldsögu og sú viðureign myndar e.k. leiðarstef í gegnum sjálfa þroskasöguna — og felur sömuleiðis í sér frelsun hennar.

Auður Ava Ólafsdóttir sendi frá sér skáldsöguna *Undantekninguna*. Hún fjallar um konu sem þarf að takast á við það áfall að eiginmaður hennar játar samkynhneigð sína og flytur að heiman til að hefja sambúð með elskhuga sínum. Bókin hefur athyglisverða undirfyrirsögn, *de arte poetica* — þ.e. um skáldskaparlistina. Þar leynist nokkuð sterk vís-bending um eðli hennar; sagan virðist á vissan hátt m.a. fjalla um tilurð sjálfar sín. Hún er skrifuð í mjög myndrænum stíl og hlaðin táknum sem söguhetjan, María, og konan sem býr í kjallaranum, dvergvaðinn rithöfundur og sálgreinir, spjalla frjálsslega um og túlka þegar svo ber undir. En meginviðfangsefni sögunnar eru ástamál, kynhneigð og kynhlutverk, og síðast en ekki síst tengsl foreldra og barna. Bókin var m.a. tilnefnd til Ís-lensku bókmenntaverðlaunanna.

Í *Sudurglugganum* eftir Gyrði Elíasson er sögumaður rithöfundur sem hefur sest að í sumarhúsi, að því er virðist á Snæfellsnesi, og á þar í erfiðri baráttu við að ná sambandi við söguhetjur í hálfskrifaðri bók; forleggjarinn er orðinn óþolinmóður og fyrirsjáanlegt að dráttur verði á handriti. Svipað sambandsleysi einkennir samskipti sögumannsins við annað fólk,

konuna sem hann saknar en getur ekki talað við, sem og fólkið á svæðinu. Kvikmyndaáhugamaðurinn í nágrannaþorpinu, sá sem hann nær einna bestum tengslum við, reynist þegar að er gáð, vera löngu kominn undir græna torfu. — Þannig má ljóst vera að meginviðfangsefni Suðurgluggans er sjálf einsemdin.

### *Ævisögur*

Þegar rithöfundur skrifar skáldsögu um glímuna við skáldskapinn er hann augljóslega að gefa lesanda tilefni til að álykta að hann sé að skrifa um eigin reynslu; Auður Jónsdóttir fer t.d. ekki í launkofa með þetta atriði. En ævisagnaflóra ársins var líka talsvert fjölskrúðug og þar má finna verk sem beinlínis birtast í e.k. skáldskaparformi.

Þar má benda á bók Jóns Gnarr: *Sjóræninginn — skálduð ævisaga*. Hún er sjálfstætt framhald fyrri bókar hans, *Indjáninn*, en titlar þeirra beggja vísa til þeirra hlutverkaleikja bernskunnar sem flestir kannast við en hafa jafnframt undirmerkingu sem gefur til kynna að söguhetjan sé e.k. utangarðsvera. Bókin er tileinkuð minningu foreldra höfundar en fjölskylda sögumanns leikur veigamikið hlutverk í sögunni og myndin af þeirri fjölskyldu er fremur dapurleg. Sagan er sögð í fyrstu persónu; sögumaður er Jón sjálfur en samt finnur lesandinn að víða er gripið til skáldlegrar sviðsetningar. Þessi bók er merkileg heimild um hlutskipti unglings sem ekki fellur inn í hópinn, fer ekki alfaraleiðir, nýtur takmarkaðs skilnings og verður fyrir harkalegu einelti. Hann gerist anarkisti og samsamar sig helst pönkurum á Hlemmi; „tónlistarferill“ hans er hörmungin ein, „fjársvikaferillinn“ sömuleiðis og hann er jafnvel rekinn úr vinnu fyrir óásættanlega klippingu; þannig mistekst honum flest. Þetta sambland skáldskapar og endurminninga reynist hin heppilegasta umgjörð um mynd af tíðaranda níunda áratugarins og afraksturinn verður athyglisverð menningarsöguleg heimild.

*Boxarinn* eftir Úlfar Þormóðsson er annað dæmi um vel heppnaða persónulega fjölskyldusögu sem felur í sér breiða sögulega samfélagsmynd. Hún er að miklu leyti skrifuð í annarri persónu; sögumaður ávarpar látinn föður sinn, rekur æviferil hans og ýmsa þræði fjölskyldusögu hans, sem er um margt dapurleg. Ræða sögumanns hefur á sér yfirbragð hefðbundinnar munnlegrar frásagnar þar sem hófstíllt, beinskeytt en yfirvegað orðalag, jafnvel úrdráttur, gerir alla söguna einkar sannfærandi. Hin siðferðilegu álítaefni eru þó rædd af einurð og leitast við að skýra hvernig illt uppeldi skapar fólki slæm örlög. Boxarinn er e.k. sjálfstætt framhald *Farandskugga* sem Úlfar skrifaði með svipuðu sniði um móður sína og kom út 2011.

Tvær sögulegar skáldsögur fjalla um sunnlenskar alþýðuhetjur sem vaxa úr grasi á s.hl. 19. aldar. Eftir Eyrúnu Ingadóttur kom út söguleg



skáldsaga, *Ljósmóðirin*, byggð á ævisögu Þórdísar Símonardóttur sem var ljósmóðir á Eyrarbakka um aldamótin 1900. Þórdís er óvenjulegur kvenskörungur sem ekki lætur karlveldi höfðingjanna í þorpinu brjóta sig niður. Bókin er frumraun höfundar og má segja að frásagnarstíll beri þess nokkur merki, en hin sögulega sviðsetning hefur heppnast vel enda er Eyrún sagnfræðingur. Hin bókin er *Mensalder* eftir Bjarna Harðarson. Maðurinn sem hét þessu einkennilega nafni ólst upp í algerri örbirgð við mýrarflákana í Holtunum austan Þjórsár um það leyti sem Þórdís ljósmóðir var að stríða við drykkjuskapinn á Bakkanum. Hann var e.t.v. einfeldningur í augum heimsins en hamingjumaður að eigin vitund. Bókin er skrifuð í nokkuð mergjuðum stíl og skróðmiklum og alls ólíkum þeim þjóðlega sagnastíl sem algengastur er á þeim frásögnum af kynlegum kvistum og lífsbaráttu sem oft eru kenndar við þjóðlegan fróðleik. Þó að söguefnið sé sannsögulegt er frásögnin færð í búning skáldsögu og beitt aðferð hins alvittra höfundar sem þekkir hug allra persóna. Þar er stundum teflt nokkuð djarft, svo sem þegar segir af hugrenningum kýrinnar á bænum. Það má líka kallast nokkuð djarft að skrifa sögulega skáldsögu um lífsbaráttu hinna allra aumustu en heppnast ótrúlega vel.

Ein sjálfævisaga stjórnmalamanns kom út í lok árs 2012: *Hreint út sagt* eftir Svavar Gestson. Pólitískur starfsferill hans spannar nokkurn veginn sögu Alþýðubandalagsins sem stjórnmalaflokks og hér segir m.a. frá baráttunni við að halda úti fjárvana Þjóðvilja og hinu nána en erfiða sambandi flokks og verkalýðshreyfingar. Það sem flestir áhugamenn um stjórnmal lesa líklega með hvað mestri athygli eru „uppljóstranir“ ævisagna af þessu tagi um valdaflækjur og átök og umsagnir þeirra um aðra stjórnmalamenn og samstarfið við þá. Svavar birtir áhugaverðar svipmyndir af ýmsum frægum stjórnmalarefum, svo sem Ólafi Jóhannessyni og Steingrími Hermannssyni, Gunnari Thoroddsen og Lúðvík Jósepssyni, en yfirleitt ber hann þeim vel söguna. Hann talar hlýlega um suma pólitíska andstæðinga, eins og Geir Hallgrímsson, en afhjúpar fremur ýmsa samherja, án þess þó að fella þunga dóma. Alþýðuflokkurinn fær reyndar ekki mjög góð eftirmæli. En átökin í Alþýðubandalaginu virðast fremur hafa snúist um menn en málefni, og vekur þar athygli hinn einkennilegi þáttur Ólafs Ragnars Grímssonar. Afstaða höfundar til þess hvernig til tókst við stofnun Samfylkingar er nokkuð tvíþent.

### Ljóð

Ljóðabókauktgáfa er óvíða blómlegri en á Íslandi en ógerlegt að gera skil öllu því efni; skal þó drepið á nokkur dæmi.

Gyrdir Elíasson birti, auk *Suðurgluggans*, ljóðabókina *Hér vex enginn sítrónuviður*. Hún kallast á vissan hátt á við skáldsöguna því að einsemdin er áberandi þema og veturinn er grimmur: „Sneiðir af hendur sem ætluðu

að skrifa“. Þannig kemst lesandinn í færi við þær sálarkvalir sem fylgja hinni innhverfu iðju skáldskaparlistarinnar. Myndmál er, sem vænta má, afar sterkt en þótt litir séu áberandi er sá grái algengastur. Ljóðin eru mörg full trega, sum ísmeygilega kaldhæðin, en návist dauðans er jafnan auðfundin, bæði þess dauða sem er manninum sjálfum vís en einnig þess sem maðurinn býr dýrum og náttúru: „Hernaðurinn gegn lambinu“.

Gerður Kristný sendi frá sér ljóðabókina *Strandir*. Á þeirri bók er sterkur heildarsvipur. Hún einkennist af myndrænum stíl og persónulegum viðfangsefnum sem snerta m.a. sögu formæðra skáldsins, jafnvel minningarljóðum. Lokapáttur hennar er ljóðabálkurinn Skautuferðin sem miðlar lesandanum sterkri myndrænni upplifun þar sem ljóðmælandinn rennir sér á skautum eftir svelli og stefnir til hafs. En hún er ekki ein á ferð, undir ísnum er „skuggi af ugga“. — Þannig notar Gerður hendingar og jafnvel stuðla eftir þörfum svo að textinn er í rauninni afar meitlaður að formi.

Ljóðabók Jónasar Þorbjarnarsonar, *Brot af staðreynd*, var gefin út að honum nýlátnum haustið 2012 og fylgdi Ástráður Eysteinnsson henni úr hlaði með stuttum inngangi. Hér eru m.a. á ferð persónulegar svipmyndir, brot úr gömlum ástarsögum og æskuglöpum, sett fram í texta sem hefur ákveðið yfirbragð prósa þó að um ljóð sé að ræða. Nálægð dauðans er auðfundin en ljóðmælandinn horfir til baka og það er bjart yfir því endurliti.

Loks er að geta um hið mikla safn Magnúsar Þórs Jónssonar: *Megas. Textar 1966–2011*. Í örstuttum inngangi, handskrifuðum, tekur höfundur fram að þetta sé „ekki ljóðabók heldur safn söngtexta“. Þetta er mikil bók, um 730 blaðsíður, og hafa má í huga að á bak við söngtexta býr yfirleitt frumsamið lag, hvort sem það hefur verið gefið út eður ei. Það sannast því hér að hann hefur verið ærið mikilvirkur og í bókarlok er talin 41 útgefin hljómplata eða -diskur þar sem Megas hefur átt hlut að máli. Megas gaf á áttunda áratugnum út lítil myndskreytt hefti með textum og nótum ýmissa laga sinna, enda afbragðsteiknari. Þessi bók er einnig skreytt nokkrum teikningum hans og sýnishornum af nótnaskrift, en Megas hefur lengi haft þá sérstöðu meðal alþýðutónlistarmanna íslenskra að hann skrifar jafnan nótur að tónlist sinni.

### *Fræðibækur*

Segja má að útgáfa fræðibóka í alþýðlegum stíl hafi verið talsvert þróttmikil og útgáfubækur frumlegar. Skal hér bent á fáeinar þeirra sem vöktu einna mesta athygli.

Gunnar F. Guðmundsson gaf út bókina *Pater Jón Sveinsson: Nonni*. Jón Sveinsson er einhver frægasti Íslendingur allra tíma; ævi hans varð bókmenntalegt ævintýri en raunveruleg ævikjör hans voru þó sveipuð

einkennilegum dularhjúpi. Sá Nonni sem heimurinn þekkti af fjölda barna- og unglingsbóka var ekki hinn raunverulegi pater Jón Sveinsson, svo sem Gunnar sýnir fram á; ævivegur hans ekki jafngreiðfær. Bók Gunnars er ekki aðeins ævisaga rithöfundar heldur um leið menningar- söguleg rannsókn.

Gunnar L. Hjálmarsson, Dr. Gunni, sendi frá sér bókina *Stuð vors lands, sögu dægurtónlistar á Íslandi*, viðamiklith uppsláttarrit og sögulega samantekt sem nær frá því sem nefna mætti landnám dægurtónlistar á 19. öld og fram til nútíma. Bókin er á fimmta hundrað blaðsíður í stóru broti — sem tekur á hugvitsamlegan hátt mið af hefðbundnu sniði stórrar vínillötu — og búin miklu myndefni. Ljóst er að hér er um að ræða mikilvægan kafla í íslenskri menningarsögu og fékk bókin afar góðar viðtökur.

*Appelsínur frá Abkasíu. Vera Hertzch, Halldór Laxness og hreinsanirnar miklu* er afrakstur rannsóknar Jóns Ólafssonar. Þessi bók er byggð á ítarlegum heimildarannsóknum, m.a. viðtölum höfundar við skyldmenni Veru Hertzch, og gefur einkar glögga mynd af ofsóknum Stalintímans. Styrkur þessa rits byggist ekki síst á því að höfundur hefur rússneskt mál á valdi sínu og nær þannig beinum tengslum við fólk og heimildir. Hann ferðaðist og sjálfur um söguviðið og kannaði sjónarmið heimamanna til þeirrar sögu sem þar gerðist.

ð — *ævisaga* er eitt sérkennilegasta fræðirit ársins en aðalhöfundur hennar er Stefán Pálsson. Þar er tekin fyrir saga bókstafsins ð og það einkennilega samhengi hlutanna sem leiðir til þess að íslenskan varðveitir nú þennan skrýtna bókstaf sem á sér í raun langa sögu. Sá hluti bókarinnar sem greinir frá starfi danska málfræðingsins Rasmusar Kristians Rask vakti einna mesta athygli. Aftur á móti var hún helst gagnrýnd fyrir að gera hinni handritafræðilegu hlið lítil skil.

Með talsverðum rétti má halda því fram að persónulegasta en um leið eitt frumlegasta fræðirit ársins 2012 sé bók Steinunnar Kristjánsdóttur: *Sagan af klaustrinu á Skriðu*. Steinunn stjórnaði fornleifauppgreftri á Skriðuklaustri sem hófst 2002 og stóð í u.þ.b. áratug. Í bókinni fer hún þá óvenjulegu leið — sem er að vísu ekki óþekkt en helst til fáfarin — að rekja rannsóknarsöguna sjálfa út frá sjónarhóli rannsakenda, tala í fyrstu persónu og lýsa glímunni við hin ýmsu álitamál, jafnframt því sem hún gerir ítarlega grein fyrir afrakstrinum. Saga klaustursins er rakin út frá varðveittum heimildum en niðurstöður fornleifarannsóknna birta jafnframt ítarlega mynd af stofnuninni sjálfri og þeirri starfsemi sem ritaðar heimildir kunna litlar sögur af. Bókin er prýdd fjölda ljósmynda og teikninga og er hinn glæsilegasti prentgripur.

*Örlogaborgin, brotabrot úr afrekaskrá frjálshyggjunnar* eftir Einar Mál Jónsson vakti talsverða athygli. Einar rekur uppruna og útbreiðslu frjálshyggjunnar eftir Einar Mál Jónsson vakti talsverða athygli. Einar rekur uppruna og útbreiðslu frjálshyggjunnar

hyggjunnar til engilsaxneskra áhrifa; heimsáhrif Englendinga á 18. og 19. öld greiddu fyrir útbreiðslu hennar. — Hér er á ferð hugmyndasaga þar sem söguleg nauðhyggja er gagnrýnd. Niðurstaðan er sú að hugmynd frjálshyggjunnar um kapitalismann sem lokastig sögulegrar þróunar ein-kennist af sams konar nauðhyggju og hugmyndir marxista um sósíalismann sem lokastig sögunnar.

Af sviði bókmenntafræða skal hér bent á yfirgripsmikla úttekt Arnar Ólafssonar: *Guðbergur. Um rit Guðbergs Bergssonar*. Í inngangi gerir höfundur grein fyrir aðferð sinni, sem sé að draga saman mikið safn tilvitnana í verk Guðbergs og greina einkenni þeirra skipulega. Auk þess dregur hann saman mikið af umsögnum um verk hans úr ritdómum og umfjöllun annarra og ræðir túlkun þeirra. Höfundur ræðst jafnvel beint í upphafi gegn þeirri póstmóðernísku afstæðishyggju — eða flatneskju — sem hefur verið í tísku í fræðiumræðu undanfarinna ára og vill gera öll sjónarmið jafngild; það sé vissulega réttmætt að leitast við að gera greinarmun á skynsamlegri túlkun og vitlausri. Rit Arnar er líklegt til að geta orðið mjög gagnlegt, ekki aðeins við rannsóknir á ritum Guðbergs og viðtökusögu þeirra heldur einnig um þá miklu orlagatíma í list og menningu sem starf hans spannar.

#### *Verðlaun og viðurkenningar*

Einar Már Guðmundsson tók við bókmenntaverðlaunum Sænsku akademíunnar fyrir rithöfundarstarf sitt hinn 11. apríl og er hann þriðji Íslendingurinn sem þau hlýtur.

Íslensku þýðingarverðlaunin, sem veitt eru af samtökum þýðenda og túlka, voru veitt Gyrði Elíassyni í apríl fyrir ljóðasafnið *Tunglið braust inn í húsið*. Í umsögn var m.a. vakin athygli á því hve afkastamikill Gyrðir hefur verið sem þýðandi.

Bóksalar um allt land, um 50 manns, taka jafnan saman lista yfir bestu jólabækurnar að þeirra mati en sú skrá myndar stundum nokkuð athyglisvert mótvægi við niðurstöður gagnrýnenda og sérfróðra álitsgjafa. Ekki síst fyrir þá sök er ástæða til að gefa gaum að dómi bóksala; hann hefur líklega talsvert heimildargildi um mat almennings á nýjum bókum. Bestu bækur einstakra flokka í þessari könnun eru:

Íslenskar skáldsögur: *Illska* eftir Eirík Örn Norðdahl.

Þýddar skáldsögur: *Nútíminn er trunta* eftir Jennifer Egan, í þýðingu Arnars Matthíassonar.

Íslenskar barnabækur: *Randalín og Mundi* eftir Þórdísi Gísladóttur.

Þýddar barnabækur: *Ótrúleg saga um risastóra peru* eftir Jakob Martin Strid, í þýðingu Jóns St. Kristjánssonar.

Íslenskar unglingabækur: *Hrafnsauga* eftir Kjartan Yngva Björnsson og Snæbjörn Brynjarsson.

Þýddar unglingsbækur: *Hringurinn* eftir Mats Strandberg og Söru Bergmark Elfgren, í þýðingu Þórdísar Gísladóttur.

Ljóðabækur: *Megas — textar 1966–2011* eftir Magnús Þór Jónsson, Megas.

Handbækur / fræðibækur: *Stuð vors lands* eftir Gunnar L. Hjálmarsson, Dr. Gunna.

Ævisögur: *Gísli á Uppsölum* eftir Ingibjörgu Reynisdóttur.

Ljóðstafur Jóns úr Vör var veittur í ellefta sinn og hlaut hann Hallfríður J. Ragnheiðardóttir fyrir ljóðið *Tryptich*. Dómnefnd skipuðu Gerður Kristný og Sigurður Pálsson skáld. Alls bárust um 350 ljóð í keppnina að þessu sinni.

Um 60 handrit bárust í keppnina um Íslensku barnabókaverðlaunin. Þau voru veitt tveimur ungum höfundum, Kjartani Yngva Björnssyni og Snæbirni Brynjarssyni fyrir sameiginlegt verk, *Hrafnsauga*. Það er fantasía, ævintýri, fyrsti hluti fyrirhugaðs þrileiks.

Úlfar Pormóðsson hlaut viðurkenningu úr Rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins 20. desember fyrir ritstörf sín en nýjasta verk hans, *Boxarinn*, kom út fyrir jólin 2012. Í þakkarávarpi sínu ræddi hann m.a. menningarlegt gildi Rásar eitt sem hann sagðist jafnan hlusta á.

Íslensku bókmenntaverðlaunin voru afhent í febrúar 2013. Í flokki fagurbókmennta féllu þau í skaut Eiríki Erni Nordahl fyrir skáldsöguna *Illsku*. Í flokki fræðirita voru þau veitt Gunnari F. Guðmundssyni fyrir bókina *Pater Jón Sveinsson: Nonni*.

Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna, voru sömuleiðis veitt í febrúar 2013. Í flokki fagurbókmennta fékk Auður Jónsdóttir verðlaunin fyrir bók sína *Ósjálfrátt*. Steinunn Kristjánsdóttir fékk verðlaun í flokki fræðirita fyrir *Söguna af Skriðuklaustri* en í flokki barna- og unglingsbóka fékk Þórdís Gísladóttir verðlaun fyrir bókina *Randalín og Mundi*.

Viðurkenning Hagþenkis fyrir framsúrskarandi fræðirit ársins 2012 var veitt í mars 2103 Jóni Ólafssyni fyrir bókina *Appelsínur frá Abkasíu*. Vera Hertzch, Halldór Laxness og hreinsanirnar miklu.

## BÚNAÐUR

Árið 2012 var ár talsverðra andstæðna í veðurfari og aðstæðum til búskapar. Eftir frekar snjóléttan vetur varð sumarið þurrviðrasamt og með hlýrra móti, þó sérstaklega um sunnan- og vestanvert landið. Þurrkar hömluðu allvíða grassprettu, sérstaklega á þurrlandari svæðum, jafnvel skrælnuðu tún til vandræða sums staðar. Með ströndum norðan- og austanlands var hins vegar sólarlítið lengst af sumri. Heyfengur varð misjafn, sums staðar fremur rýr, annars staðar nær meðallagi. Vetur lagðist snemma að, sérstaklega norðanlands, en strax upp úr 10. september gerði

þar stórfellt hret og urðu þá meiri fjárskaðar en dæmi eru um í mörg ár. Þann snjó sem þá setti niður tók jafnvel ekki upp fyrr en komið var langt fram á vor eða sumar 2013. Af þessum sökum varð að taka búfé á gjöf mun fyrr en í meðalári víða um norðanvert landið. Þrátt fyrir hið þurra sumar og hretið í september varð kornuppskera allmikil, sú fjórða mesta frá upphafi. Það segir þó ekki alla söguna því ekki tókst að uppskera korn af talsverðu af ökrum sem sáð hafði verið í.

### *Heyfengur o.fl.*

Hey í rúllum og ferböggum pökkuðum í plast var talið nema 1.834.482 rúmmetrum (1.807.314 m<sup>3</sup> árið áður). Annað vothey var 61.507 m<sup>3</sup> (51.438 m<sup>3</sup> árið áður). Þurrhey var 94.747 m<sup>3</sup> (185.675 m<sup>3</sup> árið á undan). Kornuppskera nam 13.877 tonnum (18.809 tonn næsta ár á undan). Kornhálmur var talinn vera 28.758 m<sup>3</sup> (22.313 m<sup>3</sup> árið áður). Kornhálmurinn er að mestum hluta notaður til svepparæktunar og sem undirburður undir búfé, aðallega nautgripi og hross.

### *Uppskeyra*

Kartöfluupskeyra var minni en árið áður og talið að um 9.600 tonn af kartöflum hafi komið til nytja hjá þeim sem rækta þær til sölu (11.400 tonn árið áður). –Tómataupskeyra var 1.716 tonn (1.605 tonn árið áður), gúrkuupskeyra 1.673 tonn (1.581 tonn árið áður), paprikuupskeyra 261 tonn (229 tonn árið á undan), blómkálsupskeyra 119 tonn (105 tonn), gulrótaupskeyra 647 (778 tonn), hvítkálsupskeyra 429 tonn (449 tonn), kínakálsupskeyra 183 tonn (185 tonn), spergilkálsupskeyra 129 tonn (85 tonn), gulrófnaupskeyra 1262 tonn (778 tonn), salatupskeyra 161 tonn (107 tonn) og sveppaupskeyra 570 tonn (583 tonn).

Berjaspretta var með allra besta móti um nær allt land og víða þroskuðust berin óvenjusnemma.

### *Slátrun og kjötframleiðsla 2012*

Slátrað var 585.398 fjár í slátruhúsum (584.920 árið áður). Af því voru 537.317 dilkar (533.100) og 45.991 fullorðið fé (45.710 árið áður). Meðalfallþungi dilka var 16,29 kg, sem er 0,51 kg meiri fallþungi en árið áður. Kindakjötsframleiðslan var 9.921 tonn, (9.587 tonn árið áður). – Slátrað var 22.173 nautgripum (21.165 árið áður). Nautgripakjöt var 4.113 tonn (3.858 árið áður). – Slátrað var 11.350 hrossum (7.087) og hrossakjöt var 1.503 tonn (879 árið áður). Slátrað var 73.450 svínunum (75.974) og var svínakjötsframleiðslan 5.854 tonn (6.044 árið áður fyrra ári). Framleiðsla alifuglakjöts var 7.835 tonn (7.241 árið áður). Mestar afurðir í sauðfjárrækt á árinu, á búi með yfir 100 ær, voru hjá Eiríki Jónssyni í Gýgjarhólskoti í Biskupstungum í Árnassýslu, 41,3 kg á hverja á að meðaltali.

### *Mjólkurframleiðsla*

Mjólkurframleiðsla hjá aðildarfélögum SAM – Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði – árið 2012 kemur fram hér að neðan, en framleiðsla heimavinnsluaðila og annarra en aðildarfélaga SAM og enn fremur framleiðsla sem var skráð nýtt með sérsamningum var 67.002 lítrar árið 2012 (330.941 lítri árið 2011) skv. tölum frá Hagstofu Íslands. Mjólkurframleiðsla, skv. tölum frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, var eftirfarandi: Kúabændur sem seldu mjólk til afurðastöðva voru 668 og áætluð framleiðsla mjólkur 135.924.537 kg. Mjólk innvigtuð í afurðastöðvar var 129.095.964 kg.

Framleiðsla í afurðastöðvum var eftirfarandi: drykkjarmjólk: 33.398.958 kg, sýrðar mjólkurvörur: 11.672.918 kg, skyr: 3.201.118 kg, ostur: 7.396.581 kg, smjör: 1.563.442 kg (1.623 tonn árið áður), smjörvi: 787.134 kg (765 tonn árið áður), léttsmjör: 168.100 kg (186 tonn árið áður), klípa: 25.087 kg (31 tonn árið áður).

Afurðahæsta kýr á landinu var Urður nr. 1229 á Hvanneyri í Borgarfirði, hún mjólkaði 13.031 kg. Mestar afurðir eftir reiknaða ársjú árið 2012 voru á búi Guðmundar Davíðssonar og Svanborgar Magnúsdóttur í Miðdal í Kjós, 8.086 kg.

### *Lax- og silungsvæði*

Laxvæði á stöng sumarið 2012 var sú minnsta síðan árið 2003. Helsta ástæðan er minnkandi endurheimtur laxins úr sjó. Alls veiddust 34.786 laxar á stöng. Af þeim var 9.752 (28%) sleppt aftur. Heildarfjöldi landaðra stangveiddra laxa var því 25.034 laxar. Skráðir stangveiddir laxar á árinu 2012 voru 20.920 færri en árið 2011 sem er fækkun um 37,6%. Skráð laxvæði á stöng sumarið 2012 var aðeins 86,6% af meðalvæði árána 1974–2012.

Í netavæði var aflinn 3.759 laxar, sem var 4.970 löxum færri en árið 2011 og var netavæðin því 56,9% minni en árið á undan. Netavæði er aðallega stunduð í jökulánum á Suðurlandi, Ölfusá og Hvítá, auk Þjórsár, en í Ölfusá veiddust í net alls 696 laxar (1.263 árið áður), 674 í Hvítá (2.252 árið áður) og 2.194 í Þjórsá (4.945 árið á undan).

Mest laxvæði á stöng, miðað við fjölda veiddra laxa, var í Ytri-Rangá, 4.242 laxar (4.618 árið 2011), næstmest í Eystri-Rangá, 3.004 laxar (4.398), og í þriðja sæti var Miðfjarðará í Húnavatnssýslu með 1.610 laxa (2.365). Selá í Vopnafirði var fjórða í röðinni en þar veiddust 1.511 laxar árið 2012 (2.053 árið 2011) og í fimmta sæti var Haffjarðará en í henni veiddust 1.164 laxar 2012 (1.527). Næstar í röðinni voru Langá, Hofsa og Sunnudalsá, Norðurá, Hvítá í Borgarfirði og Blanda.

Stangvæði á urriða var mest í Veidivötnum, 13.764 urriðar (14.608 árið áður). Í Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu ofan Brúa veiddust 4.853 urri-

iðar (4.549 árið á undan) og í þriðja sæti var Fremri-Laxá á Ásum en í henni veiddust 3.199 urriðar (3.622). Af bleikju veiddust flestar á stöng í Veidivötnum, alls 6.560 (7.461 árið áður). Í öðru sæti var Fljótaá en þar veiddust 1.942 bleikjur (1.978 árið 2011) og í þriðja sæti var Vatnsdalsá með 1.254 bleikjur (1.342 árið áður).

### *Búfjáreign*

Búfjáreign Íslendinga var í árslok 2012 (í svigum tölur frá 2011):

Nautgripir	71.513	(72.773)
Af þeim mjólkurkýr	24.761	(25.661)
Sauðfé	476.262	(474.759)
Hross	77.380	(78.277)
Svín	3.643	(3.619)
Varphænur	200.169	(221.167)
Minkar (fullorðin dýr)	40.178	(40.225)
Refir (fullorðin dýr)	3	(2)
Kanínur	258	(193)
Gæsir og endur	991	(1.343)
Kalkúnar	1.609	(1.709)
Geitur	857	(818)

### *Útflutningur*

Útflutningsverðmæti landbúnaðarvara skiptist þannig í milljónum króna á fob-verði árið 2012 (í svigum tölur frá 2011).

Afurðir sláturdýra	4.732	(4.548)
Fiskeldisafurðir	4.679	(3.314)
Búfé	1.039	(778)
Afurðir annarra land- og sjávarnyrtja	515	(390)
Mjólk og mjólkurvörur	867	(719)
Aðrar landbúnaðarvörur	495	(162)

Samanlagt verðmæti útfluttra landbúnaðarvara hækkaði úr 9.911 milljónum á fob-verði árið 2011 í 12.327 milljónir árið 2012. Þar munaði mest um hækkun verðmætis fiskeldisafurða.

Alls voru 1.333 hross flutt út lifandi árið 2012 (1.107 árið áður). Flest hross voru flutt til Þýskalands, alls 541 (425 árið áður).

### *Félagsmál o.fl.*

Á aukabúnaðarþingi í lok október 2012 var endanlega ákveðið að sameina alla ráðgjafarþjónustu á vegum samtaka bænda í eitt fyrirtæki, Ráð-





*Einn vinsælasti fulltrúi íslensks landbúnaðar heilsar erlendum aðdáendum.*

gjafarmiðstöð landbúnaðarins, sem er að fullu í eigu Bændasamtaka Íslands. Það fyrirtæki hóf göngu sína 1. janúar 2013 og hefur starfsstöðvar víða um land. Við þessa breytingu hættu búnaðarsamböndin, sem starfa hvert á sínu svæði, að halda úti ráðgjafarstarfi og starfsfólk sem hafði unnið að ráðgjöf í landbúnaði hjá búnaðarsamböndunum og Bændasamtökunum fluttist til hins nýstofnaða fyrirtækis.

— Byggt á gögnum Hagstofu Íslands, Landssamtökum sláturleyfishafa, Matvælastofnunar, Veiðimálastofnunar.

## **FORSETI ÍSLANDS**

Forseti Íslands átti fundi með ýmsum erlendum þjóðhöfðingjum og stjórnámálamönnum á árinu. Hann hitti t.a.m. forsætisráðherra Kína, Wen Jiabao, 16. janúar á „Heimsþingi hreinnar orku“ sem haldið var í Abu Dhabi. Ræddu þeir m.a. um jarðhitánýtingu og íslenska tækni við hitaveituframkvæmdir. Ennfremur var rætt um samvinnu landanna á sviði vísinda og tækni. Sama dag ræddi forsetinn einnig við Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, og bauð honum m.a. að heim-sækja Ísland.

Hinn 17. maí hófst opinber heimsókn forsetahjónanna til Tékklands og fundur með Václav Klaus, forseta Tékklands. Meðal annarra viðburða má nefna að Ólafur Ragnar heimsótti tékkneska þingið og hélt fyrirlestur við Karlsháskólann í Prag. Með í för var og utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson.

Forsetahjónin voru viðstödd setningu Ólympíuleikanna í London 27. júlí og heimsóttu Elísabetu drottningu í Buckinghamhöll ásamt öðrum þjóðhöfðingjum. Þau fylgdust með keppni íslenskra þátttakenda. Enn-

fremur sóttu þau lokadaga Ólympíumóts fatlaðra sem fram fór í byrjun september.

Forseti Íslands tók á árinu þátt í allmörgum ráðstefnum og viðburðum sem snertu loftslagsmál og norðurslóðarannsóknir.

### *Forsetakosningar*

Í áramótaávarpi sínu á nýársdag 2012 gaf Ólafur Ragnar Grímsson til kynna að hann hefði ekki hug á að sækjast eftir endurkjöri, hann gæti fremur unnið þjóðinni gagn á öðrum vettvangi. Fljótlega komu þó upp efasemdir um að orð hans hefðu verið rétt túlkuð, þ.e.a.s. hvort hann hygðist í raun og veru hætta, og sjálfur fékkst hann ekki til að skýra þau nánar. Brátt komu fram óskir um að hann gæfi kost á sér aftur og skipaði Guðni Ágústsson fyrrv. ráðherra sér fremst í flokk þeirra sem þannig skoruðu á Ólaf. Í lok febrúar var honum afhent áskorun hátt í 31 þúsund kjósenda um að hann byði sig fram aftur.

Í mars gaf Ólafur Ragnar svo út yfirlýsingu um að hann tæki áskoruninni þar sem m.a. væri vísað til „vaxandi óvissu varðandi stjórnskipan landsins og stöðu forseta í stjórnarskrá, umróts á vettvangi þjóðmála og flokkakerfis sem og átaka um fullveldi Íslands“. Hins vegar vænti hann skilnings á því að hann myndi e.t.v. ekki sitja út kjörtímabilið allt.

Ýmsar þreifingar voru þó um önnur framboð og um tíma virtust sem frambjóðendur yrðu sjö alls. Þeirra sigurstranglegust þótti lengi Þóra Arnórsdóttir, sem tilkynnti framboð sitt 4. apríl og kvaðst fremur vilja leggja áherslu á það sem sameinar en sundrar; forsetaembættið væri ekki pólitískt. Ari Trausti Guðmundsson bauð sig fram skömmu síðar og voru áherslur hans að ýmsu leyti svipaðar. Könnun Félagsvísindastofnunar í apríl leiddi í ljós að Þóra hefði 49% fylgi, Ólafur 35%, Ari Trausti 11,5% og aðrir frambjóðendur minna.

Ólafur Ragnar hóf kosningabaráttu sína formlega og með snarpri atlögu að helsta keppinaut sínum sunnudaginn 13. maí. Skaut hann mjög á framboð Þóru og sakaði útvarpið um hlutdrægni. Sagði hann Jóhönnu Sigurðardóttur lengi hafa leitað mótframbjóðanda gegn sér og tengdi Þóru þannig við Samfylkinguna.

Forsetakosningar fóru fram 30. júní. Ástþóri Magnússyni tókst ekki að afla nógu margra meðmælenda, þótt hann byði greiðslu og gjafir fyrir söfnun undirskrifta, þannig að frambjóðendur urðu loks sex. Úrslit kosninganna urðu sem hér segir:

Ólafur Ragnar Grímsson:	52,78%
Þóra Arnórsdóttir:	33,16%
Ari Trausti Guðmundsson:	8,64%
Herdís Þorgeirsdóttir:	2,63%

Andrea J. Ólafsdóttir:  
Hannes Bjarnason:

1,8%  
0,98%

Þessi úrslit voru í allgóðu samræmi við vísbendingar síðustu skoðanakannana. Kjörsókn var hins vegar heldur dræm, 69,2% í heild, og lökust í Reykjavík norður, 66,5%.

Niðurstöður rannsóknar stjórn málafræðinga benda til að afstaða kjósenda til ríkisstjórnarinnar hafi verið helsti áhrifaþátturinn í vali þeirra á forseta. Um 67% stuðningsmanna Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks ætluðu að kjósa Ólaf Ragnar en 69% kjósenda VG og Samfylkingar hugðust kjósa Þóru.

Ljóst er að ekki ríkti fullkomin sátt um niðurstöður forsetakosninganna. Þóra Arnórsdóttir var m.a. ómyrk í máli er hún gerði upp kosningabaráttuna við Ólaf Ragnar Grímsson í blaðaviðtali. Hann hefði byrjað kosningabaráttuna á mæðradaginn, á meðan hún beið eftir að fæða barn sitt og var komin fimm daga framyfir. Þóra gagnrýndi einnig fjölmiðla; Morgunblaðið hefði kosið að bendla hana við ákveðinn stjórn mála flokk og stjórnendum Ríkisútvarps hefði orðið helst til svarafátt gagnvart ásökunum um hlutdrægni. Þá mætti Björn Valur Gíslason alþingismaður ekki við embættistöku Ólafs Ragnars 1. ágúst og lét í ljós gagnrýni á bloggsíðu sinni: ástæðulaust hefði verið að mæta í kjölfötum á þing af þessu tilefni.

## HAFÍS VIÐ ÍSLAND

Í upphafi árs var hafísjaðar í Grænlandssundi, rúmar 50 sjómílnur norðvestur af Straumnesi á Vestfjörðum. Hann færðist nær næstu daga og var 10. janúar rúmar 10 sjómílnur norðnorðvestur af Kögri, en fjarlægðist á ný og var í lok mánaðarins næst landi um 70 sjómílnur. Hafísjaðarinn í Grænlandssundi hélst síðan fjarri ströndum, var um miðjan febrúar næst landi um 50 sjómílnur norðvestur af Straumnesi og Barða og í lok mánaðarins um 100 sjómílnur vestnorðvestur af Bjargtöngum. Borgarís var úti fyrir Horni í byrjun marsmánaðar og var allmikið um ísjaka í Grænlandssundi um þær mundir. Hafísjaðar var næst landi um 35 sjómílnur norðvestur af Kögri 12. mars, færðist um tíma fjær landi en var í byrjun apríl um 60 sjómílnur norðvestur af Gelti á Vestfjörðum. Hélt hafísjaðarinn á svipuðum slóðum og var í lok apríl um 80 sjómílnur frá Straumnesi. Enn færðist jaðarinn nær, var 7. maí um 50 sjómílnur norðvestur af Barða og hélst á svipuðum slóðum fram yfir næstu mánaðamót.

Hafísjaðar var í byrjun júní tæpar 40 sjómílnur norðvestur af Straumnesi, færðist síðan fjær um tíma en var seinni hluta mánaðar á ný um 40 sjómílnur frá Vestfjörðum. Ísjaðarinn færðist nær landinu fyrstu viku júlí-

mánaðar og var jaðar ísspangar um 30 sjómílar norðvestur af Kögri 9. júlí. Nokkrar ísdreifar voru nærri landi norður af Horni um þessar mundir. Hafísjaðarinn færðist fjær er á leið mánuðinn og var utan miðlínu milli Íslands og Grænlands í lok júlí. Enginn hafís var Íslandsmegin við miðlínu í ágúst og sagði fátt af hafís við Ísland það sem eftir var ársins. Hár borgarísjaki var þó norður af Horni 11. september og fjórir að auki norður af Hornbjargi. Tilkypping um stóran borgarísjaka norðaustur af Horni barst 16. september. Enginn hafís var í íslenskri lögsögu í október fyrr en undir mánaðamót, en fyrri hluta nóvembermánaðar var hafísjaðar í Grænlands-sundi, um 75 sjómílar frá landi. Seinni hluta nóvember og í desember bárust einkum fregnir af borgarísjökum alllangt úti fyrir Vestfjörðum.

— Heimildir: Hafís gagnasöfn Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands.

## ÍÐNAÐUR

Verklegar framkvæmdir voru í lágmarki árið 2012 og iðnrekendur kvörtuðu sáran yfir takmörkuðum fjárfestingum; þó að hagvöxtur væri þokkalegur væri hann byggður á einkaneyslu, ekki fjárfestingum. Enn var heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt af viðhaldi fasteigna. Þeirri ráðstöfun er m.a. ætlað að hamla gegn svartri vinnu en talið er að tekjutap hins opinbera vegna skattsvika nemi nálægt 40 milljörðum á ári. — Margir lýstu áhyggjum af því hve hlutfallslega fáir leituðu sér menntunar á sviði tækni og verknáms.

Útflutningur á iðnaðarvörum nam 331.145 milljónum króna á árinu en 335.479 milljónum króna árið áður, miðað við fob-verð og gengi hvors árs. Það er samdráttur um 1,3% sem skýrist einkum af verulega lækkuðu verði á áli og kísiljárn. Á móti kemur aukið verðmæti útflutnings á tækni-vörum, t.d. rafeindavogum, um 35,7%, og véla til matvælaframleiðslu, um 22%. Helstu tegundir útflutnings í milljónum árið 2012 eru sem hér segir (tölur í svigum eru frá árinu á undan):

Matur og drykkjarvara	5.722,3	(5.433,8)
Heilbrigðis- og hreinlætisvörur	23.754,4	(21.647,3)
Unnin jarðefni	260.250,4	(269.886,7)
– Ál og álafurðir	225.297,8	(232.948,8)
– Kísiljárn	21.676,8	(23.972)
Vörur til fiskveiða	7.626,3	(6.286,3)
– Rafeindavogir	4.186,0	(3.084,3)
Ýmsar iðnaðarvörur	4.164,8	(3.628,0)
– Vélar til matvælaframl.	3.823,5	(3.135,1)

„Vaxtarsprotinn“ er viðurkenning sem veitt er sprotafyrirtæki fyrir uppbyggingarstarf. Vorið 2012 hlaut fyrirtækið Valka þessa viðurkenningu en sérgrein þess er þróun ýmissa tæknilausna og hugbúnaðar fyrir fiskvinnslur. Marel hreppti „Íslensku markaðsverðlaunin“, ÍMARK, árið 2012 en þau voru afhent í 22. sinn í nóvember.

Haustið 2012 keypti Watson Pharmaceuticals Inc. lyfjafyrirtækið Actavis og verða fyrirtækin eftir samrunann þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki í heimi með um 17 þúsund starfsmenn. Á Íslandi eru starfsmenn um 760 en ekki er fyrirhuguð breyting á starfsemi Actavis hér. — Eitt elsta iðnfyrirtæki landsins, Kristjánsbakarí, fagnaði hundrað ára afmæli í júní. — Könnun á prentunarstað útgefina bóka leiðir í ljós að rúm 63% þeirra voru prentuð á Íslandi 2012 en 68% árið áður. Af bókum prentuðum erlendis voru flestar prentaðar í Kína, alls 104.

Framleiðslu sements á Akranesi var hætt í febrúar. Eru horfur á að það séu endalok slíks iðnaðar hér á landi enda hefur eftirspurn verið í lágmarki undanfarin ár. Þá var tilkynnt sumarið 2012 að fyrirhugaðri stækkun aflþynnuverksmiðju Becromal í Krossanesi væri frestað vegna slæmra markaðshorfa.

Hins vegar þurfti Lýsi hf að stækka við sig húsnæði til að anna vaxandi eftirspurn og sölu út um heim. Framleiðslugeta fyrirtækisins var aukin úr sjö þúsund tonnum á ári í fjórtán þúsund tonn.

## ÍBÚAR ÍSLANDS

Íbúar landsins 1. janúar 2013 voru alls 321.857 en höfðu verið 319.575 árið áður. Þeim hafði því fjölgað um 2.282 eða 0,7% á einu ári. Karlar voru 161.438 á móti 160.419 konum. 4.533 börn fæddust á árinu en 4.492 á fyrra ári; fæðingartíðni samsvarar því að hver íslensk kona eignist 2,037 börn. Alls létust 1.952 á árinu og fæddir umfram dána voru því 2.581.

Þegar kemur að aldursdreifingu eru Íslendingar enn meðal langyngstu þjóða Evrópu og framfærsluhlutfall aldraðra og ungs fólks mun hagstæðara en almennt gerist í löndum V-Evrópu. Meðalævilíkur nýfæddra drengja eru 80,8 ár en stúlkna 83,9 ár.

Innflytjendur voru 25.926 í lok árs eða 8,1% mannfjöldans. Í þeim hópi voru Pólverjar fjölmennastir, alls 9.049 eða 36% allra innflytjenda. Hlutfall innflytjenda og annarrar kynslóðar innflytjenda af íbúafjölda er hæst á Vestfjörðum, 12,7%, en næsthæst á Suðurnesjum, 12,3%.

Alls fluttust 6.276 af landi brott árið 2012 samanborið við 6.982 árið áður og hefur hægt á brottflutningi frá 2010 þegar 7.759 fluttu af landinu. Aðfluttir á árinu 2012 voru hins vegar 5.957. Flestir fluttu til Noregs á árinu, þ.e. 1.477, en til Póllands fluttu 1.022 og gefur það nokkra vísbendingu um þjóðerni brottfluttra.

Fólki fækkaði í tveimur landshlutum, á Norðvesturlandi um 0,4% og um 0,2% á Suðurnesjum; annars staðar fjölgaði heldur. Þetta segir þó ekki alla söguna því að fólki fækkaði í 31 af 74 sveitarfélögum landsins, einkum þó í hinum smærri byggðakjörnum.

Alls voru 74 sveitarfélög í landinu eftir að Álftanes og Garðabær sameinuðust. Reykjavík var fjölmennust með 119.764 íbúa en Árneshreppur á Ströndum fámennastur sveitarfélaga með 54 íbúa. Upplýsingar um íbúafjölda hinna ýmsu sveitarfélaga fara hér á eftir en tölur fyrra árs eru birtar í svigum.

<i>Höfuðborgarsvæðið</i>	205.675	(203.594)
Reykjavík	119.764	(118.814)
Kópavogur	31.726	(31.205)
Hafnarfjörður	26.808	(26.486)
Garðabær	13.872	(13.702)
Mosfellsbær	8.978	(8.854)
Seltjarnarnes	4.322	(4.313)
Sveitarfélagið Álftanes	2.392	(2.389)
Kjósarhreppur	205	(220)
<i>Suðurnes</i>	21.206	(21.242)
Reykjanesbær	14.231	(14.137)
Grindavíkurbær	2.860	(2.830)
Sandgerði	1.581	(1.672)
Sveitarfélagið Garður	1.429	(1.477)
Sveitarfélagið Vogar	1.105	(1.126)
<i>Vesturland</i>	15.381	(15.368)
Akranes	6.625	(6.592)
Skorradalshreppur	57	(60)
Hvalfjarðarsveit	610	(627)
Borgarbyggð	3.469	(3.470)
Grundarfjarðarbær	905	(899)
Helgafellssveit	58	(57)
Stykkishólmur	1.112	(1.108)
Eyja- og Miklaholtshreppur	158	(132)
Snæfellsbær	1.722	(1.737)
Dalabyggð	665	(686)
<i>Vestfirðir</i>	7.031	(6.955)
Bolungarvík	889	(888)
Ísafjarðarbær	3.755	(3.824)

Reykhólahreppur	271	(278)
Tálknafjarðarhreppur	276	(306)
Vesturbyggð	910	(890)
Súðavíkurbhreppur	182	(192)
Árneshreppur	52	(52)
Kaldrananeshreppur	104	(106)
Strandabyggð	516	(501)
<i>Norðurland vestra</i>	<i>7.271</i>	<i>(7.299)</i>
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.010	(4.024)
Húnaþing vestra	1.177	(1.187)
Blönduósþéttbær	878	(871)
Sveitarfélagið Skagaströnd	506	(504)
Skagabyggð	100	(104)
Húnavatnshreppur	405	(412)
Akrahreppur	195	(197)
<i>Norðurland eystra</i>	<i>29.026</i>	<i>(29.018)</i>
Akureyri	17.966	(17.875)
Norðurþing	2.864	(2.884)
Fjallabyggð	2.012	(2.035)
Dalvíkurbyggð	1.864	(1.900)
Eyjafjarðarsveit	1.012	(1.031)
Hörgársveit	566	(584)
Svalbarðastrandarhreppur	414	(390)
Grýtubakkahreppur	360	(350)
Skútustaðahreppur	378	(385)
Tjörneshreppur	55	(55)
Pingeyjarsveit	914	(915)
Svalbarðshreppur	98	(102)
Langanesbyggð	523	(512)
<i>Austurland</i>	<i>12.434</i>	<i>(12.356)</i>
Seyðisfjörður	676	(677)
Fjarðabyggð	4.629	(4.600)
Vopnafjarðarhreppur	687	(670)
Fljótsdalshreppur	80	(78)
Borgarfjarðarhreppur	130	(129)
Breiðdalshreppur	180	(190)
Djúpavogshreppur	452	(461)
Fljótsdalshérað	3.434	(3.408)
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.166	(2.143)

<i>Suðurland</i>	23.833	(23.743)
Vestmannaeyjar	4.221	(4.194)
Sveitarfélagið Árborg	7.826	(7.783)
Mýrdalshreppur	462	(459)
Skaftárhreppur	443	(443)
Ásahreppur	191	(204)
Rangárþing eystra	1.735	(1.741)
Rangárþing ytra	1.518	(1.504)
Hrunamannahreppur	784	(774)
Hveragerði	2.291	(2.283)
Sveitarfélagið Ölfus	1.900	(1.930)
Grímsnes- og Grafningshreppur	422	(416)
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	504	(504)
Bláskógabyggð	897	(906)
Flóahreppur	639	(602)

## ÍÞRÓTTIR

*Badminton.* Íslandsmótið í badminton fór fram 31. mars og 1. apríl í Reykjavík. Ragna Ingólfssdóttir vann einliðaleik kvenna en Kári Gunnarsson einliðaleik karla. Þau voru jafnframt útnefnd badmintonfólk ársins.

*Blandaðar bardagalistir.* Gunnar Nelson hóf í september þátttöku í keppni á vegum UFC, hins bandaríska sambands blandaðra bardagalista sem er hið stærsta í heimi. Honum vegnaði vel á þessu sviði og var ósigr-aður í árslok.

*Blak.* Lið HK varð Íslandsmeistarar karla en í kvennaflokki náði lið Aftureldingar bæði Íslandsmeistara- og bikarmeistaratitli. Í karlaflokki varð lið KA bikarmeistarar og Stjarnan deildarmeistarar en í kvenna-flokki varð lið HK deildarmeistarar.

*Borðtennis.* Guðmundur Stephensen varð Íslandsmeistari karla en Lilja Rós Jóhannesdóttir Íslandsmeistari kvenna, bæði í Víkingi. Guðmundur varð einnig Íslandsmeistari í tvíliðaleik ásamt Magnúsi K. Magnússyni og í tvenndarleik ásamt Evu Jónsteinsdóttur. Lið Víkings varð Íslands-meistarar karla eftir sigur á KR 21. apríl en þjálfari þess var einmitt hinn sigursæli Guðmundur Stephensen.

*Crossfit.* Annie Mist Þórisdóttir varði titil sinn, hraustasta kona heims, á heimsmóti í crossfit í Los Angeles 15. júlí.

*Fimleikar.* Ármenningar urðu bikarmeistarar í áhaldafimleikum í karlaflokki en Gerpla í kvennaflokki. Mótið var haldið í febrúarlök en Íslandsmeistaramót í áhaldafimleikum var hins vegar haldið 10. mars og þar urðu meistarar þau Thelma Rut Hermannsdóttir og Róbert Kristins-



son, bæði úr Gerplu. Íslandsmót í hópfirmleikum var haldið mánuði síðar og þar var A-lið Gerplu sigursælast.

Íslenska kvennalandsliðið í hópfirmleikum sigraði glæsilega á Evrópumóti í Árósum í október. Svíþjóð varð í öðru sæti og Finnland í hinu þriðja.

*Frjálsar íþróttir.* Reykjavíkurléikar voru haldnir helgina 20.–22. janúar. Einna efnilegust þar þótti Aníta Hinriksdóttir, sem var þá 15 ára og keppti fyrir ÍR. Hún bætti 35 ára gamalt Íslandsmet í 800 m hlaupi innanhúss á 2:05,96. Aníta reyndist ósigrandi hér á landi í sínum aldursflokki allt árið. Hún tók m.a. þátt í Meistaramóti Íslands í febrúar og sigraði í 800 m hlaupi. Þá bætti hún Íslandsmet í 800 m hlaupi á unglingsmóti í Þýskalandi og varð í fyrsta sæti. Aníta varð síðan í fjórða sæti á heimsmeistaramóti unglinga í frjálsum íþróttum í Barcelona í júlí.

Í ágúst var haldið Norðurlandameistaramót 19 ára og yngri í Växjö. Þar varð Aníta Hinriksdóttir Norðurlandameistari í 800 m hlaupi en Stefanía Valdimarsdóttir varð Norðurlandameistari í 400 m grindahlaupi.

Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum innanhúss var haldið í Laugardal 11.–12. febrúar. ÍR vann stigakeppnina bæði í karla- og kvennaflokki. Meistaramót utanhúss var haldið á Laugardalsvelli helgina 14.–15. júlí. Bestu afrek mótsins unnu Ásdís Hjálmsdóttir, sem kastaði spjóti 60,54 m, og Óðinn Björn Þorsteinsson sem kastaði kúlu 18,51 m. FH hreppti flest gullverðlaun á mótinu en ÍR vann hins vegar stigakeppnina í karlaflokki og samanlögðu.

Helga Margrét Þorsteinsdóttir náði öðru sæti í fimmtarþraut innanhúss í Tallinn í febrúar og bætti Íslandsmetið, hlaut 4.298 stig. Þá sigraði hún í fimmtarþraut kvenna á opnu meistaramóti í Hollandi hálfum mánuði síðar, náði næstum að bæta Íslandsmetið aftur. En í lok árs dró hún sig út úr keppni þar sem hún hafði greinst með brjós-klos.

Sveinbjörg Zophoníasdóttir sjöþrautarkona varð Norðurlandameistari kvenna 22 ára og yngri í langstökki á móti í Noregi 21.–22. júlí, stökk 6,06 m. Guðmundur Sverrisson náði þriðja sæti í spjót-kasti á þessu móti með kasti upp á 74,09 m.

Þá náði Einar Daði Lárusson þriðja sæti á alþjóðlegu tugþrautarmóti á Ítalíu 6. maí.

*Glíma.* Bikarglíma Íslands fór fram 28. janúar. Sigurvegarar í opnum flokki voru Pétur Eypórsson og Marín Laufey Davíðsdóttir. Pétur Eypórsson sigraði einnig í Skjaldarglímu Ármanns á móti sem haldið var 15.–16. des. Hefur hann þá unnið Ármannsskjöldinn tólf sinnum. Pétur tók við Grettisbeltinu í sjöunda sinn en Marín Laufey hreppti Freyjumenið í annað sinn.

Reykjavíkurlimarar þón fór fram 18. ágúst. Arnar Pétursson sigraði á 2:41,06 í karlaflokki en Mary Brown í kvennaflokki á 3:04,03. Gamlárs-

hlaup ÍR fer jafnan fram á hádegi á gamlársdag en hlaupnir eru 10 km. Kári Steinn Karlsson bar sigur úr býtum í karlaflokki á 32,48 mín. en Arn-  
dís Ýr Hafþórsdóttir í kvennaflokki á 41,02 mín.

Frjálsíþróttasambandið útnefndi Ásdísi Hjálmsdóttur frjálsíþróttamann ársins 2012.

*Golf.* Holukeppni fór fram á golfvelli Kópavogs og Garðabæjar í júní. Íslandsmeistarar urðu Signý Arnórsdóttir og Haraldur Franklín Magnús. Íslandsmót í högggleik fór fram á Hellu 26.–29. júlí. Valdís Þóra Jónsdóttir varð Íslandsmeistari í kvennaflokki en Haraldur Franklín Magnús í karlaflokki.

*Handbolti.* Úrslit í bikarkeppni í handbolta fóru fram helgina 25.–26. febrúar. Valskonur urðu bikarmeistarar í handknattleik kvenna í fyrsta sinn í 12 ár eftir sigur á ÍBV: 27–18. Haukar urðu bikarmeistarar karla eftir úrslitaleik gegn Fram: 31–23. HK lék til úrslita um Íslandsmeistaratitil við FH og sigraði: 28–26. Valskonur urðu Íslandsmeistarar í handbolta þriðja árið í röð, unnu Fram 12. maí: 24–21.

Kvennalandslíð vann Sviss bæði á útivelli 22. mars: 19–26, og heima 25. mars: 31–16. Heimaleikur gegn Spáni í maí vannst einnig: 21–18, en útileikur gegn Úkraínu tapaðist: 22–20. Í september tók liðið þátt í fjögurra landa móti í Tékklandi en tapaði öllum leikjum þar. Þá lék liðið tvo leiki í Noregi í október og hafði sigur í báðum: 22–23.

Evrópumeistaramót kvenna fór fram í Serbíu í desember en íslenska liðinu vegnaði ekki vel þar. 4. desember tapaði það fyrir Svartfjallalandi: 16–26. Daginn eftir tapaði það fyrir Rúmeníu: 19–22. Hinn 7. desember tapaði liðið fyrir Rússlandi: 21–30, lauk þar með keppni og færðist neðar á styrkleikalista.

Úrslitakeppni EM karla í handbolta hófst í Serbíu um miðjan janúar. Íslendingar tóku þátt í henni í sjöunda sinn en þeir náðu bronsverðlaunum í Austurríki 2010. Að þessu sinni var Ólafur Stefánsson ekki með. Íslendingar töpuðu fyrsta leik gegn Króötum: 29–31, unnu næsta leik, gegn Norðmönnum: 34–32, töpuðu síðan í þriðja leik gegn Slóvenum: 32–34. Þeir höfðu sigur gegn Ungverjum: 27–21 en töpuðu fyrir Spánverjum: 26–31. Þeir náðu síðan jafntefli gegn Frökkum: 29–29. Danir unnu mótið, sigruðu Serba í úrslitaleik; Króatar fengu brons en Íslendingar lentu í tíunda sæti.

Íslendingar tóku þátt í forkeppni fyrir Ólympíuleika í Króatíu í apríl og léku þrjá leiki. Höfðu þeir sigur gegn Chile: 25–17, og Japan: 41–30, en töpuðu fyrir Króötum: 28–31.

Karalandslíðið sigraði Holland: 41–27 í Laugardalshöll í undankeppni HM 10. júní og aftur: 24–32 ytra. Í júlí tapaði liðið fyrir Spáni en vann Túnis og Argentínu tvívegis. Í lok mánaðarins hélt liðið síðan á Ólympíuleikana í London. Ekki náði liðið verðlaunasæti en þar urðu

nokkur þáttaskil þar sem Guðmundur Guðmundsson lauk störfum sem þjálfari og ljóst var að Ólafur Stefánsson væri að hætta. Liðið reyndist þó sigursælt á síðari hluta ársins. Það vann Hvítrússa 36–28 í Laugadalshöll í undankeppni EM, án Ólafs og með nýjum þjálfara, Aroni Kristjánssyni. Næstu leikir, gegn Rúmeníu og Túnis, unnust báðir.

*Hestamennska.* Landsmót hestamanna var haldið í Reykjavík 25. júní–1. júlí. Aldrei hafa fleiri hestar verið skráðir til leiks, en 600 hestar voru sýndir við setningu mótsins. Gestir voru um 9500 og var það mál manna að Víðidalur væri gott mótssvæði. Sigurður Sigurðarson vann í A-flokki gæðinga á Fróða frá Staðartungu en Einar Öder Magnússon sigraði í B-flokki á Glóðafeyki frá Halakoti. Sigurbjörn Bárðarson vann bæði 150 m skeið, á Óðni frá Búðardal á 14,59 sek, og 250 m skeið, á Flosa frá Keldudal á 22,58 sek. Keppt var í 300 m stökki í fyrsta sinn í 10 ár. Sigurvegari var Oddur Björn Jóhannsson á Casteini frá Efra-Nesi á 24,24 sek.

Hæstu kynbótahross á mótinu voru Spá frá Eystra-Fróðholti, sex vetra, en hún fékk 8,60 í aðaleinkunn. Hæsti stóðhesturinn var Arion frá Eystra-Fróðholti; hann var fimm vetra og hlaut 8,67 í aðaleinkunn.

Sigríður Björnsdóttir dýralæknir tók saman skýrslu um áverka í munni keppnishrossa á Landsmóti hestamanna. Slíkir áverkar fundust hjá fjölda keppnishesta og hækkaði hlutfallið eftir því sem nær dró úrslitum. Þannig reyndust sjö af tíu hestum sem kepptu til úrslita í tölti vera með áverka í munni. Minna var hins vegar um fótameiðsli en stundum áður.

*Ólympíuleikar.* Íslendingar sendu 27 keppendur á Ólympíuleika í London. Ásdís Hjálmsdóttir var fánaberi Íslands við setningarathöfnina. Ásdís setti Íslandsmet í fyrsta kasti undankeppni í spjótkaсти 7. ágúst, 62,77 m, og komst í úrslit sem fóru fram tveim dögum síðar. Þar kastaði hún lengst 59,08 m og lenti í 11. sæti.

Ásgeir Sigurgeirsson keppti með loftskammbýssu á 10 m færi og var hársbreidd frá því að ná í úrslit, lenti í 14. sæti. Þá keppti hann í skammbýssuskotfimi á 50 m færi, sem er ekki hans sérgrein, og lenti í 32. sæti.

Handboltaliðið sýndi í heild mjög góða frammistöðu þótt það næði ekki verðlaunasæti. Íslendingarnir unnu Argentínu, Túnis, Svíþjóð, Frakkland (heimsmeistara) Breta og komust í átta liða úrslit. Leikur gegn Ungverjalandi í átta liða úrslitum fór í tvöfalda framlengingu eftir að Íslendingar höfðu misst niður eins marks forystu í blálokin. Þar tapaðist möguleiki á verðlaunasæti. Það varð síðasti landsleikur Ólafs Stefánsson og Guðmundur Guðmundsson lét af störfum sem þjálfari eftir mótið.

Kári Steinn Karlsson hljóp maraþon, varð fyrstur til þess af íslenskum keppendum. Lenti hann í 42. sæti.

Ragna Ingólfssdóttir vann fyrsta leikinn í badminton en tapaði hinum næsta. Lýsti hún síðan yfir að hún væri þar með hætt keppni en sátt við ferilinn.

Af sundfólki stóð Sarah Blake Bateman sig best og munaði litlu að hún kæmist í úrslit í 50 m skriðsundi.

Pormóður Jónsson keppti í júdó en var óheppinn með andstæðing, tapaði fyrir yfirburðaglímumanninum Rafael Silva frá Brasilíu, sem hreppti bronsverðlaun á leikunum.

Ólympíumót fatlaðra var haldið tveim vikum síðar í London og fóru þangað fjórir keppendur. Þar vann Jón Margeir Sverrisson til gullverðlauna í 200 m skriðsundi. Hann synti á 1:59:62 og setti heims- og ólympíumet.

*Íþróttamaður ársins.* Aron Pálmarsson handknattleiksmaður var kosinn íþróttamaður ársins af íþróttafréttamönnum í lok ársins. Ásdís Hjálmadóttir varð í öðru sæti og Jón Margeir Sverrisson í hinu þriðja. Þetta var í fimmtugasta og sjöunda sinn sem þessi verðlaun voru veitt, en konur hafa hins vegar aðeins fjórum sinnum hreppt titilinn. Frá 2002 hafa handknattleiksmenn sjö sinnum hreppt þessa viðurkenningu, þar af Ólafur Stefánsson fjórum sinnum. Knattspyrnumenn hafa fjórum sinnum verið útnefndir, þar af Eiður Smári Guðjohnsen tvisvar.

*Íshokki.* Björninn vann Skautafélag Reykjavíkur á Íslandsmeistaramóti í íshokki 7:4 13. mars.

*Júdó.* Íslandsmót öldunga í júdó var haldið í mars í Laugardalshöll. Bjarni Skúlason og Margrét Ragna Bjarnadóttir urðu meistara í opnum flokkum, auk þess að sigra í eigin þyngdarflokkum.

*Karate.* Íslandsmót í karate var haldið helgina 17.–18. nóv. Kristján Helgi Carrasco, Víkingi, varð Íslandsmeistari í kumite karla. Telma Rut Frímansadóttir sigraði í kumite kvenna. — Aðalheiður Rósa Harðardóttir og Kristján Helgi Carrasco voru útnefnd karatefólk ársins. Aðalheiður varð m.a. Norðurlandameistari í hópkata með liði Íslands.

*Knattspyrna.* Þór/KA urðu Íslandsmeistarar í knattspyrnu kvenna 4. sept., unnu Selfoss 9–0. FH-ingar urðu Íslandsmeistarar í knattspyrnu karla í sjötta sinn 16. september, gerðu jafntefli við Stjórnuna, 2–2. KR-ingar urðu bikarmeistarar karla 18. ágúst eftir sigur á Stjórnunni, 2–1, en Stjarnan varð bikarmeistari kvenna viku síðar eftir sigur á Val, 1–0.

Kvennalandsliðið átti nokkuð skrykkjóttan feril á árinu en þó góðan á köflum. Liðið tók þátt í hinu sterka Algarve-móti í Portúgal snemma árs. Ísland tapaði þar fyrir Þýskalandi 1–0; tapaði næst fyrir Svíþjóð 4–1; vann síðan Kína 1–0 en tapaði fyrir Dönum 1–3 og lenti í 6. sæti. Hinn 4. apríl keppti liðið á útivelli við Belgíu í undankeppni EM og tapaði 1–0. Hins vegar vann liðið Ungverja 3–0 á Laugardalsvelli 16. júní, í undankeppni EM, og 21. júní náði kvennalandsliðið stórsigri ytra gegn Búlgaríu í undankeppninni, 0–10.

4. ágúst spilaði kvennalandsliðið vináttuleik við Skota ytra og náði jafntefli 1–1. Þá vann liðið Norður-Íra 2–0 í undankeppni EM á Laugar-

dalsvelli 15. september en tapaði gegn Norðmönnum 2–1 í Noregi 19. september. Loks lék liðið tvo umspilsleiki gegn Úkraínu um sæti á EM, í Sevastopol 20. október og hafði sigur, 2–3. Seinni leikurinn fór fram á Laugardalsvelli 25. október og vannst einnig 3–2.

Karlandslíðið er ungt en þótti taka framförum undir stjórn hins sænska þjálfara, Lars Lagerbäck. Fyrstu leikir ársins voru vináttuleikur í febrúar. Sá fyrri, gegn Japan, var leikinn ytra og tapaðist 3–1. Næsti leikur var gegn Svartfjallalandi, einnig leikinn ytra og tapaðist sömuleiðis, 2–1. Þriðji vináttuleikurinn fór fram í maí í Frakklandi og tapaðist einnig, 3–2. Fjórði vináttuleikurinn fór líka fram í maí á útivelli gegn Svíum og enn töpuðu Íslendingar, 3–2. En loks kom að sigurstund í ágúst, 2–0 í vináttuleik gegn Færeyingum á Laugardalsvelli. Tveir leikir í undankeppni HM fóru fram í september, sá fyrri á Laugardalsvelli gegn Noregi og þar höfðu Íslendingar sigur 2–0. Það mun hafa verið fyrsti sigurinn á Norðmönnum í 27 ár. Seinni leikurinn fór fram á Kýpur gegn heimamönnum, sem unnu 1–0. Tveir leikir í undankeppninni fóru fram í október, sá fyrri var útileikur gegn Albaníu og þar höfðu Íslendingar sigur, 1–2. Seinni leikurinn var heimaleikur gegn Sviss og tapaðist 0–2. Síðasti leikur ársins var vináttuleikur í Andorra gegn heimamönnum og vannst 0–2.

Sívaaxandi fjöldi Íslendinga leikur nú erlendis og vegnar vel. Þóra Helgadóttir, markvörður hjá Malmö, var valin besti markvörður Svíþjóðar í úrvalsdeild kvennakkattspyrnu. Alfreð Finnbogason sló gamalt met Péturs Péturssonar er hann náði að skora 34 mörk á alþjóðlegum vettvangi á árinu, 32 tvö fyrir erlend félagslið og tvö fyrir landslið Íslands. Þá er þess að geta að Eiður Smári Guðjohnsen náði að skora hundraðasta og fyrsta mark sitt í deildakeppni, er hann skoraði fyrir Cercle Brugge 1. desember.

*Körfuknattleikur.* Kvennalið Njarðvíkur varð bikarmeistari í körfuknattleik eftir sigur á Snæfelli, 84–77. Sama lið sigraði síðan Hauka 14. apríl í lokaleik um Íslandsmeistaratitil, 76–62.

Keflvíkingar urðu bikarmeistarar karla eftir sigur á Tindastóli, 97–95. Grindvíkingar urðu hins vegar Íslandsmeistarar karla 2. maí eftir sigur á Þorlákshöfn, 78–72.

Íslenska kvennalandsliðið vann brons á Norðurlandameistaramóti í lok maí, vann Dani og Norðmenn.

Karlandslíðið tók hins vegar þátt í undankeppni EM í riðli með Eistlandi, Ísrael, Serbíu, Slóvakíu og Svartfjallalandi en náði litlum árangri, vann aðeins Slóvaka.

*Lyftingar.* Íslandsmeistaramót í ólympískum lyftingum fór fram í Borgarnesi 24. mars. Bestum árangri þar náðu Gísli Kristjánsson og Þuríður Erla Helgadóttir. – Katrín Tanja Davíðsdóttir, Ármanni, sigraði

á Norðurlandamóti í ólympískum lyftingum 20 ára og yngri. Mótið fór fram helgina 27.–28. okt. – Anna Hulda Ólafsdóttir keppti á Norðurlandamóti fullorðinna í ólympískum lyftingum í Svíþjóð í lok september og vann þar til bronsverðlauna.

Júlían Jóhann Karl Jóhannsson varð Evrópumeistari 19–23 ára í yfirþungavigt á móti í Danmörku í júní, lyfti 327,5 kg í réttstöðulyftu sem er Íslandsmet. 2. september náði hann svo heimsmeistaratitli í sömu grein á móti í Póllandi, lyfti 320 kg.

*Skák.* Þröstur Þórhallsson varð Íslandsmeistari í skák eftir einvígi við Braga Þorfinnsson. Þeir höfðu orðið jafnir á Íslandsmóti í apríl og urðu síðan að heyja sjö skáka einvígi sem lauk 30. maí með sigri Þratar.

Reykjavíkurskák mótið 2012 fór fram í Hörpu 6.–13. mars. Mótið er opið og þátttakendur að þessu sinni voru um 200 frá 40 löndum. Fabiano Caruna, 19 ára stórmeistari frá Ítalíu, sigraði með 7,5 vinninga í 9 umferðum. Efstur Íslendinga var Henrik Danielsen með 7 vinninga.

*Sund.* Íslandsmeistaramót í sundi í 50 m laug lauk 15. apríl. Eygló Ósk Gústafsdóttir var þar í fararbroddi og setti eða átti þátt í sjö Íslandsmetum. Anton Sveinn Mckee og Eygló Ósk Gústafsdóttir úr Ægi voru valin sundfólk ársins af Sundsambandi Íslands. Þau eru margfaldir Íslandsmeistarar í sínum greinum, bættu Íslandsmet sín á árinu, kepptu bæði á Ólympíuleikunum og voru stigahæstu sundmenn landsins.

## KIRKJAN

Biskupskjör fór fram í mars. Í skriflegri kosningu hlutu tveir framþjóðenda afgerandi mest fylgi, sr. Agnes Sigurðardóttir sóknarprestur í Bolungarvík, sem fékk 27,5% atkvæða, og dr. Sigurður Árni Þórðarson, sóknarprestur í Neskirkju, sem fékk 25,2%. Var því kosið milli þessara tveggja í apríl og fékk Agnes 307 atkvæði en Sigurður Árni 152. Agnes Sigurðardóttir var síðan vígð til biskups yfir Íslandi 24. júní í Dómkirkjunni, að viðstöddum biskupum frá öðrum Norðurlöndum og Bretlandi. Hún varð þannig fyrst kvenna til að taka við biskupsembætti á Íslandi.

Svo merkilega vildi til að meðal fyrstu biskupsverka hennar var að vígja fyrstu konuna sem vígslubiskup á Hólum. Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir, sóknarprestur á Möðruvöllum, hlaut kosningu í júní og var vígð á Hólahátíð 12. ágúst.

Í tilefni af hinni ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá, sem framundan var, sendi aukakirkjuþing í september frá sér ályktun þar sem kjósendur voru m.a. hvattir „til að minnast þess að hin evangelíska lúterska þjóðkirkja er samofin menningu og sögu íslensku þjóðarinnar [...] Því hvetur þingið til þess að áfram verði ákvæði um

þjóðkirkju í stjórnarskrá.“ — Fór svo að meirihluti svarenda, eða 51%, var á sama máli en 38% á móti.

Annað hefti *Ritsins*, tímarits Hugvísindadeildar, árið 2012 var helgað málefnum kirkju og trúar og bar undirtítilinn „Kirkja í krísu“. Meginviðfangsefni þess var hvernig kirkjan tækist á við breytta heimsmynd, nútímavæðingu, vísindi, breytt fjölskylduform o.fl.

## MANNALÁT

5. janúar: Sigurður Bjarnason frá Vigur sendiherra  
f. 18. desember 1915.
5. janúar: Baldur Ingólfsson menntaskólakennari  
f. 6. maí 1920.
7. janúar: Guðmundur Gíslason forstjóri  
f. 1. janúar 1920.
10. janúar: Petra Sveinsdóttir stofnandi Steinasafns á Stöðvarfirði  
f. 24. desember 1922.
15. janúar: Þorbjörn Karlsson prófessor í vélaverkfræði  
f. 25. maí 1927.
16. janúar: Sigursteinn Gíslason knattspyrnumaður  
f. 25. júní 1968.
20. janúar: Jón Helgason formaður verkalýðsfél. Einingar  
f. 18. október 1927.
25. janúar: Reynir Aðalsteinsson tamningameistari  
f. 16. nóvember 1944.
26. janúar: Sverrir Bergmann taugalæknir  
f. 20. janúar 1936.
29. janúar: Lára Margrét Ragnarsdóttir alþingismaður  
f. 9. október 1947.
12. febrúar: Jón Þórarinsson tónskáld  
f. 13. september 1917.
13. febrúar: Jónas H. Haralz bankastjóri  
f. 6. október 1919.
15. febrúar: Halldór Fannar tannlæknir  
f. 28. apríl 1948.
25. mars: Ingólfur Aðalsteinsson forstj. Hitav. Suðurnesja  
f. 10. okt. 1923.
8. apríl: Birgir Möller forsetaritari  
f. 14. október 1922.

11. apríl: Agnar Tryggvason framkvæmdastj. Búvörudeildar SÍS  
f. 10. febrúar 1919.
19. apríl: Ásgeir Þór Davíðsson eigandi Goldfingers  
f. 25. janúar 1950.
26. apríl: Ernir K. Snorrason geðlæknir og rithöfundur  
f. 17. mars 1944.
29. apríl: Hafsteinn Guðmundsson íþróttakennari  
f. 1. október 1923.
2. maí: Guðrún J. Halldórsdóttir skólastjóri og þingmaður  
f. 28. febrúar 1935.
4. maí: Haukur Angantýsson skákmeistari  
f. 2. desember 1948.
19. maí: Sigmundur Jóhannsson teiknari og uppfinningamaður  
f. 22. apríl 1931.
28. maí: Jónas Þorbjarnarson ljóðskáld  
18. apríl 1960.
31. maí: Rúnar Bjarnason slökkviliðsstjóri í Reykjavík  
f. 5. nóvember 1931.
23. júní: Kristinn H. Benediktsson ljósmyndari og blaðam.  
f. 4. október 1948.
24. júní: Sveinn M. Árnason menntaskólakennari  
f. 23. janúar 1952.
6. júlí: Kjartan R. Gíslason þýskukennari  
f. 19. febrúar 1935.
11. júlí: Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri  
23. desember 1939.
12. júlí: Kristjana Milla Thorsteinsson viðskiptafræðingur  
f. 26. maí 1926.
15. júlí: Steinólfur Lárusson bóndi í Ytri-Fagradal  
f. 26. júní 1928.
20. júlí: Þórarinn Sigurjónsson alþingismaður  
f. 26. júlí 1923.
26. júlí: Hjörtur Hjartarson sóknarprestur  
f. 8. desember 1930.
19. ágúst: Þuríður Baxter bókmenntafræðingur  
f. 12. maí 1945.
25. ágúst: Gísli J. Ástþórsson blaðamaður  
f. 5. apríl 1923.



28. ágúst: Pétur Sigurðsson bóndi á Hjaltastöðum, Skagaf.  
f. 21. mars 1919.
30. ágúst: Guðmundur Páll Ólafsson náttúrufr. og rithöfundur  
f. 2. júní árið 1941.
30. ágúst: Magnús Bjarnfreðsson fréttamaður  
f. 9. febrúar 1934.
7. september: Jón Björnsson fræðibókahöfundur  
f. 17. júní 1924.
13. september: Steindór Hjörleifsson leikari  
f. 22. júlí 1926.
18. september: Karl Kortsson héraðsdýralæknir  
f. 17. október 1915.
2. október: Jón Ásbjörnsson fiskútflýjandi  
f. 30. nóvember 1938.
8. október: Gísli Halldórsson arkitekt  
f. 12. ágúst 1914.
29. október: Auður Laxness, ekkja Halldórs Laxness  
f. 30. júlí 1918.
30. október: Hilmar Foss skjalaþýðandi og dómtúlkur  
f. 28. febrúar 1920.
31. október: Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari  
f. 14. mars 1936.
3. nóvember: Jóhann S. Einvarðsson þingmaður og framkvæmdastj.  
f. 10. ágúst 1938.
10. nóvember: Guðrún A. Kristinsdóttir píanóleikari  
f. 23. nóvember 1930.
12. nóvember: Erla Stefánsdóttir dægurlagasöngkona og skrifstofum.  
f. 23. september 1947.
12. nóvember: Kristín Steinarsdóttir kennari og kennsluráðgjafi  
f. 1. maí 1959.
14. nóvember: Ármann J. Lárusson glímukappi  
f. 12. mars 1932.
25. nóvember: Valborg Sigurðardóttir skólastjóri Fósturskólans  
f. 1. febrúar 1922.
30. nóvember: Anna Kristjana Torfadóttir borgarbókavörður  
f. 25. janúar 1949.
1. desember: Jóhannes S. Kjarval arkitekt  
f. 26. júní 1943.

- 2. desember: Ragnheiður Guðmundsdóttir læknir  
f. 20. ágúst 1915.
- 12. desember: Stanislas Bohic landslagsarkitekt  
f. 12. febrúar 1948.
- 15. desember: Søren Langvad stjórnarform. Ístaks og Pihl & Søn  
f. 9. nóvember 1924.
- 18. desember: Brynhildur Ólafsdóttir skólustjóri  
f. 23. janúar 1956.
- 24. desember: Sigmar B. Hauksson blaðamaður  
f. 3. október 1950.
- 28. desember: Arnór Hannibalsson prófessor  
f. 24. mars 1934.

## NÁTTÚRA ÍSLANDS

### *Dýraríki*

Hlýnandi veðráttta hefur valdið því að flækingsfuglum hefur fjölgað hér undanfarin ár og nýjar tegundir hafa numið land í einhverjum mæli. Þá virðist sem uglum fari fjölgandi á Íslandi, m.a. eru eyruglur nýlega sestar hér að. Arnarvarp var hins vegar með lakasta móti, þó að stofn sé í vexti, og enn var verið að spilla varpi.

Vistkerfið við Ísland virðist vera að taka breytingum þessi árin. Sandsílastofninn er t.d. greinilega á niðurleið. Makrill gengur í vaxandi mæli á Íslandsmið og keppir við sílið um rauðátuna, en auk þess étur makrillinn líka sandsíli. Fækkun sandsílis kemur síðan niður á tegundum á borð við kríu og svartfugl og skýrir vafalaust að einhverju leyti viðkomubrest í lundastofni undafarin ár. Þá er sílamáfur mjög áberandi við fæðuleit inn til landsins síðustu árin. Víða fundust dauðir kríuungar sumarið 2012 og var það talið stafa af fæðuskorti.

Um miðjan desember varð þess vart að mikið af dauðri síld hafði rekið á fjörur í Kolgrafarfirði á Snæfellsnesi. Við athugun kom í ljós að feikimikil síldartorfa hafði orðið innlyksa í firðinum, en hann var þveraður með brú fyrir nokkrum árum og er því hálflokaður. Að lokum slapp hluti síldarinnar út aftur en talið er að 25–30 þúsund tonn hafi drepist úr súr-efnisskorti í firðinum. Ekki fór hin dauða síld öll til spillis því að nokkuð var um að bændur sæktu sér síld og söltuðu sem fódurbæti.

Búrhval, tæplega 15 m langan tarf, rak á land í Beruvík á Snæfellsnesi í mars. Dauður hnúfubakur með skurði á baki fannst í Bakkafjöru í nóvember. Var hann talinn hafa lent í skrífu Herjólfis.

Loks er að geta þess að gamalt eggjaþjófnaðarmál virðist hafa verið upplýst. Í lokaritgerð Borgnýjar Katrínardóttur í líffræði vorið 2012 var greint frá því að fylgst hefði verið með nokkrum spóahreiddrum með



*Langisjör.*

myndavélum á árunum 2009 og 2010 og þannig mátt upplýsa 13 eggjastuldi. Refur átti sökina í einu tilviki en hann tók öll egg úr hreiðrinu. Kjóar sáust þrisvar fá sér egg, en eitt í einu. Hestar rændu hreiður tvisvar en stórtækastar voru kindur sem rændu hreiður sjö sinnum. — Sú vinsæla kenning að refurinn sé helsta ógnin við tilvist mófugla stangast á við þetta; grasbitarnir sjálfir eru ekki jafnsaklausir og haldið hefur verið.

### *Gróðurfar*

Andrés Arnalds benti á það í maí að ofbeitt hrossa væri orðin stórvandamál víða um land en einkum á Suðurlandi; þar væri fjöldi jarða stórskemmdur af of mikilli hrossabeit. Af þessum sökum lægu þúsundir hektara lands undir skemmdum. Ástæða þessa væri líklega ekki síst vanþekking margra hest- og landeigenda um beitarþol lands. Hrossaeign var í sögulegu hámarki um þessar mundir, hátt í 78 þúsund, og mest í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Þá risu talsverðar deilur um réttmæti þeirrar ákvörðunar sveitarstjórnar Rangárþings að heimila bændum að reka fé á Almennina, þvert ofan í andmæli Skógræktar ríkisins og Landgræðslunnar. Birkiskógur hefur verið í sókn á svæðinu undanfarin ár en girðing sem skilur svæðið frá Þórsmörk hefur verið fjarlægð.

Purrkar hafa farið illa með gróður í Surtsey og háplöntum fækkar þar. Skógarkerfill er nú farinn að nema land í Mývatnssveit, m.a. í hólum í vatninu.


### *Jarðskjálftar*

Jarðskjálfta varð vart á höfuðborgarsvæðinu og alveg upp á Akranes aðfaranótt 1. mars. Upptök þeirra voru skammt sunnan við Helgafell, ofan Hafnarfjarðar, á þriggja til fjögurra km dýpi. Sá stærsti var 4,2 stig. Þá varð jarðskjálfti upp á 5,6 stig úti fyrir Norðurlandi 21. október. Hann olli nokkrum óþægindum, t.d. á Siglufirði, en ekki alvarlegu tjóni. Áfram var skjálftavirkni á svæðinu næstu daga.

### *Jöklar og fallvötn*

Jöklar landsins rýrna hratt þessi árin. Í ágúst urðu menn þess varir að ein af Þúfunum, hæstu tindum Snæfellsjökuls, var orðin alveg snjólaus en þær hafa jafnan verið þaktar snjó og ís allt árið. Snæfellsjökull þynnist um 1,3 m á ári og Helgi Björnsson jöklafræðingur hefur spáð því að hann hverfi á næstu þrjátíu árum ef fram heldur sem horfir.

Framburður á gosefnum, ekki síst eftir Grímsvatnagosíð, hefur valdið því að farvegir vatnsfalla á Suðurlandi hafa hækkað undanfarin ár. Hefur m.a. ítrekað verið mokað upp úr Svaðbælisá undir Eyjafjöllum til að verja veginn. Loks var ákveðið að færa farveg hennar, ásamt 700 m vegar-



*Mýrdalsjökull.*

spotta, og var því lokið síðsumars. Þá var Skaftá farin að ógna gróðri í Landbroti. Farvegur hefur hækkað vegna framburðar ösku og er orðinn hærri en láglendið í kring. Landgræðslan vann að eflingu varnargarða.

Ekki er lengur talið að hætta steðji að vegi og brú við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, því að land hefur risið þar um slóðir eftir að jökull hopaði.

Í nóvember varð vart við vaxandi jökulvatn í Gígjukvísl og var það talið eiga upptök sín í lítilsháttar hlaupi úr Grímsvötnum, en ekki varð neitt tjón. Mikill hiti var enn í gígnum eftir Grímsvatnagosið og fyrir-sjáanlegt að öskufok mun halda áfram einhver ár.

Athygli vakti að Öskjuvatn var orðið algerlega íslaut í mars. Talið var að rekja mætti orsakir þess til áhrifa jarðhita þó að vatnshitinn hafi aðeins verið ein til tvær gráður þegar að var gáð. Vangaveltur um yfirvofandi eldgos studdust hins vegar ekki við neinar skýrar vísbendingar.

## **PRÓF**

*Háskóli Íslands* útskrifar nemendur þrisvar á ári. Í febrúar 2012 voru brautskráðir 483 kandídatar sem höfðu lokið 486 prófum. Í júní voru brautskráðir 1887 með 1899 próf og í október voru kandídatar 401 með 405 próf. Samtals eru þetta 2788 lokapróf á árinu og skiptast þannig á milli námssviða:

Félagsvísindasvið: 1007

Heilbrigðisvísindasvið: 471

Hugvísindasvið: 406

Menntavísindasvið: 445

Verkfræði- og náttúruvísindasvið: 459

*Háskólinn í Reykjavík* útskrifar tvisvar á ári, í janúar og júní. Alls voru brautskráðir 730 nemendur úr háskólanámi þáðan árið 2012 og skiptast þeir svo:

Lagadeild: 120

Tölvunarfræðideild: 88

Tækni- og verkfræðideild: 321

Viðskiptadeild: 201

*Háskólinn á Bifröst* útskrifaði 282 nemendur úr háskólanámi:

Viðskiptasvið: 58

Lögfræðisvið: 41

Félagsvísindasvið: 36

Símenntun: 147

*Háskólinn á Hólum* útskrifaði 90 nemendur árið 2012. Þeir skiptast svo:

MS-próf í sjávar- og vatnalíffræði: 1

BA-próf í ferðamálafræði: 20

BS-próf í hestafræðum (í samstarfi við LbhÍ): 12

Diplóma í fiskeldisfræði: 11

Diplóma í ferðamálafræði eða viðburðastjórnun: 29

Diplóma í tamningum, þjálfun eða reiðkennslu: 17

*Háskólinn á Akureyri* brautskráði 284 kandiðata sem skiptast þannig:

Heilbrigðisvísindasvið: 72

Hug- og félagsvísindasvið: 147

Viðskipta- og raunvísindasvið: 65

*Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri* brautskráði 39 nemendur af starfsmenntabrautum á framhaldsskólastigi, garðyrkjunámi eða búfræði. En af háskólastigi 55, að meðtöldum 12 nemum sem ljúka námi í samstarfi við Hólaskóla:

BS-próf:

Búvísindi: 16

Hestafræði, í samstarfi við Hólaskóla: 12

Náttúru- og umhverfisfræði: 2

Skógfræði og landgræðsla: 2

Umhverfisskipulagsfræði: 17

MS-próf:

Búvísindi: 2

Náttúru- og umhverfisfræði: 1

Skipulagsfræði: 2

Listaháskólinn brautskráði alls 104 nemendur 9. júní 2012, flesta úr grunnnámi en nokkra með meistaraþráður. Þeir skiptast svo á milli deilda:

Listkennsludeild: 7

Myndlistardeild: 18

Hönnunar- og arkitektúrdeild: 50

Tónlistardeild: 19

Leiklistardeild: 10

## RAFORKUMÁL

*Landsvirkjun* vinnur nú að athugun á hagkvæmni þess að leggja sæstreng til Evrópu til raforkusölu. Landsvirkjunarmenn gera sér vonir um mikla möguleika á því sviði en þessar hugmyndir hafa hins vegar sætt gagnrýni þeirra sem óttast að þær muni leiða til stórhækkaðs orkuverðs fyrir íslenska kaupendur. Fyrirtækið setti sér hins vegar það markmið árið 2012 að innleiða stefnu um samfélagsábyrgð og hefur lýst því yfir að almenn sátt verði að ríkja um hugsanlegar framkvæmdir af þessu tagi. Á aðalfundi í apríl var ákveðið að Landsvirkjun greiddi eigendum sínum 1,8 milljarða króna í arð fyrir árið 2011 en ekki hefur verið greiddur arður síðan 2008. Nettóskuldir fyrirtækisins fara lökkandi.

Skrifað var undir raforkusölusamning við PCC vegna kísilmálmverksmiðju við Húsavík. Landsvirkjun eignaðist Peistareyki ehf. að fullu og um haustið hófst undirbúningur virkjunar við Bjarnarflag. Gert er ráð fyrir að verksmiðjan taki til starfa 2016. Landvernd sakaði hins vegar Landsvirkjun um að hafa farið of geyst í framkvæmdir við Bjarnarflag og fór fram á nýtt umhverfismat.

Um 300 manns unnu á árinu að byggingu Búðarhálsvirkjunar en forseti Íslands lagði hornstein að henni 26. október. Síðasta haftíð í aðrennsliðgöngum Búðarhálsvirkjunar var síðan sprengt 29. nóvember en stefnt er að því að hún geti skilað 95 MW orku.

Í byrjun desember voru reistar tvær vindmyllur við Búrfellsstöð. Með spaða á lofti eru þær 77 m háar og eiga í sameiningu að geta skilað 1,8 MW. Stefnir Landsvirkjun að því að raforkuframleiðsla þeirra verði einkum búslag á veturna þegar vatnsforði uppistöðulóna fer minnkandi en hvassviðri eru tíð. Þá eignaðist Landsvirkjun um þriðjungshlut í Sjávarorku ehf., sem vinnur að rannsóknum á nýtingarmöguleikum sjávarorku.

Heildarorkuvinnsla Landsvirkjunar nemur 12.312 gígavattstundum (GWh) á ári og þar af er hlutur vatnsafls um 96% en jarðhita um 4%. Um 74% af allri raforkuframleiðslu Landsvirkjunar eru seld álfyrirtækjum og Alcoa er sem fyrr langstærst, kaupir 39% af allri framleiðslunni. Aðeins 14% eru seld á almennum markaði.

Sumarið 2012 var óvenju þurrviðrasamt en þó fylltust virkjanalón. Vetur

kom hins vegar snemma og vatnsstaða lækkaði ört þó að það truflaði ekki raforkusölu.

*RARIK* hagnaðist um einn og hálfan milljarð árið 2012 en gjaldskrá fyrir raforkuflutning og -dreifingu var hækkuð um 7,5% í dreifbýli og 5% í þéttbýli. Í framhaldi af því hækkaði Orkusalan gjaldskrá sína um 6,4% en hitaveitur hækkuðu gjaldskrá um 6% 1. september.

Heildarfjárfestingar *RARIK* námu um 3,2 milljörðum, einkum í rafdreifikerfi. Miklar skemmdir urðu á dreifikerfinu vegna veðurs, hinar mestu sem orðið hafa frá 1995, og þurfti að bregðast við þeim. Talsvert þurfti að grípa til varaafsstöðva. Mest tjón varð í septemberáhlaupi norðanlands. Slígaðist m.a. línukerfið í Mývatnssveit, um 100 staurar brotnuðu og grípa þurfti til bráðabirgðaviðgerða. Þegar færi gafst hófst vinna við að leggja dreifikerfið þar í jörð; í fyrsta áfanga voru lagðir 35 km af jarðstreng.

Fyrirætlanir um lagningu háspennulína mættu víða andstöðu og má segja að krafan um jarðstrengi fremur en loftlínur hafi verið orðin hávær. Má nefna andstöðu innan hreppsnefndar Voga á Vatnslaysuströnd gegn lagningu nýrrar línu til Suðurnesja. Hreppsnefnd Kjósarhrepps hafnaði því að ný 400 kW raflína yrði lögð um hreppinn sem öryggistenging við Brennimelsspennistöð. Þá lýstu landeigendur í Skagafirði og víðar á Norðurlandi sig andsnúna áformum um lagningu nýrrar Blöndulínu yfir lönd þeirra og til Akureyrar.

*Orkuveita Reykjavíkur* réttir hægt úr kútnum eftir „góðærið“. Ný skýrsla um fyrirtækið leiddi í ljós þann mikla flýti sem einkenndi Helligheidarvirkjun og hversu margt var óljóst um arðsemi þeirra framkvæmda. Þá er t.d. ljóst að Orkuveituhúsið er miklu stærra en það hefði þurft að vera. Um haustið var ákveðið að selja 49% hlut í Gagnaveitunni.

## **SAMGÖNGUR OG FERÐAMÁL**

### *Ferðamenn*

Alls fóru 2.380.310 farþegar um Leifsstöð árið 2012 en voru 2.112.017 árið á undan. Það er tæplega 13% aukning milli ára.

Erlendir ferðamenn á Íslandi voru um 673 þúsund árið 2012 og hafði fjölgað um tæp 19% frá árinu 2011 er þeir voru 565 þúsund. Ferðamálastofa spáir því að um 2020 verði fjöldi erlendra ferðalanga kominn yfir milljón.

Alls fór 646.921 erlendum ferðamaður um Leifsstöð en voru 540.824 árið áður. Flestir erlendir ferðamenn sem um Leifsstöð fóru komu frá eftirtöldum löndum (tölur í svigum frá fyrra ári en prósentuaukning milli ára aftast):



Bandaríkin	95.026	(77.561)	22,5
Bretland	94.599	(67.608)	39,9
Þýskaland	65.179	(56.815)	14,7
Noregur	51.534	(41.802)	23,3
Frakkland	41.570	(35.957)	15,6
Danmörk	40.906	(40.705)	0,5
Svíþjóð	35.601	(32.835)	8,4
Holland	21.305	(19.997)	6,5
Kanada	18.760	(17.929)	4,6
Spánn	15.278	(13.971)	9,4
Ítalía	13.841	(12.346)	12,1
Finnland	13.684	(12.031)	13,7
Sviss	12.838	(10.155)	26,4
Japan	10.343	(6.902)	49,9

Erlendir farþegar sem komu til landsins með Norrænu voru 12.780 en voru 12.505 árið áður. Með skemmtiferðaskipum komu um 95 þúsund manns árið 2012.

### *Flug*

Breska lággjaldaflugfélagið EasyJet hóf flugferðir milli Keflavíkur og London í mars 2012. Boðaði félagið fjölgun ferða og viðkomustaða árið eftir. Iceland Express átti í miklum erfiðleikum og í október yfirtók WOW air allan rekstur þess. Var það síðan lagt niður. Þota frá Icelandair missti eitt afturhjóllanna undan sér og var látin lenda á Keflavíkurflugvelli að kvöldi 18. maí. Allt fór þó vel.

Þau tíðindi urðu í innanlandsflugi að áætlunarflug hófst aftur milli Reykjavíkur og Húsavíkur í apríl en þangað hafði ekki verið áætlunarflug frá 2000. Flugfélagið Ernir annast það.

### *Gistinætur*

Gistinóttum fjölgaði um 15,1% árið 2012, voru rúmar 3,7 milljónir. Þar af voru gistinætur erlendra gesta 77%. Fjölgun varð á gistinóttum á öllum gerðum gististaða nema í fjallaskálum og í svefnpokagistingu. Um 72,1% gistinátta komu í hlut hótela og gistiheimila en fjölgun þar varð um 17,7% frá fyrra ári. Mest varð þó fjölgunin í heimagistingu, um 26,2%. Flestar gistinætur erlendra gesta áttu Þjóðverjar en næstflestar Bretar og Bandaríkjamenn. Mest aukning varð milli ára á gistinóttum Kínverja, um 72%.

Gistinóttum ferðamanna er mjög misskipt á milli svæða, höfuðborgarsvæðið og Suðurland hafa þar algera yfirburði svo sem hér má sjá:

*Dreifing gistinátta útlendinga í prósentum*



*Leiðsögumaður bendir túristum á hið heimsfræga eldfjall Eyjafjallajökul á stóra Íslandslíkaninu í Ráðhúsi Reykjavíkur.*

Höfuðborgarsvæðið	51
Suðurnes	4
Vesturland	5
Vestfirðir	3
Norðurland vestra	2
Norðurland eystra	10
Austurland	10
Suðurland	15
Alls:	100

### *Landeyjahöfn*

Sandburður olli sem fyrr vandamálum við rekstur Landeyjahafnar. Var einnig uppi talsverð umræða um nauðsyn þess að fá hagkvæmari ferju til siglinganna en Herjólf, sem þykir of stór og óhentugur til að athafna sig við þessar aðstæður. Í nóvember rakst skrúfa skipsins utan í hafnargarð og skemmdist nokkuð. Tók Breiðafjarðarferjan Baldur við siglingunum næstu vikur og þótti að ýmsu leyti henta betur. Vestfirðingar voru hins vegar mjög ósáttir að missa skipið úr siglingum þegar skammdegið fór í hönd.

### *Strætóferðir um landið*

Sú nýbreytni var tekin upp í ársbyrjun að Strætó, strætisvagnþjónusta höfuðborgarsvæðisins, hóf, í samstarfi við sveitarfélög, skipulegan akstur

um Suðurland. Þannig var tekið upp samfelld leiðakerfi sem nær frá Reykjavík austur á Hornafjörð, ásamt uppsveitum Árnessýslu, Selfossi, Þorlákshöfn og Landeyjahöfn. Í septemberbyrjun hóf Strætó síðan akstur um Vestur- og Norðurland, til Reykhóla og Hólmavíkur, um Snæfellsnes og Borgarfjörð og allt til Akureyrar. Vagnarnir eru búnir GPS-tækjum sem gefa til kynna staðsetningu sem skoða má á vef fyrirtækisins, en auk þess hafa þeir þráðlausa nettengingu sem farþegar geta nýtt sér. Hefur þessari þjónustu verið vel tekið. Nokkurrar óánægju gætti þó meðal rútu-bílaeigenda.

### *Strandsiglingar að hefjast*

Vaxandi umræða hefur verið um nauðsyn þess að hefja að nýju strand-siglingar við Ísland og áformaði innanríkisráðuneytið m.a. að þær yrðu boðnar út á næsta vori. Þá tilkynntu bæði Eimskip og Samskip að þau hygðust auka siglingar á hafnir úti á landi.

### *Vaðlaheiðargöng*

Í janúar var lögð fram skýrsla um Vaðlaheiðargöng sem vakti talsverðar deilur. Hagfræðistofnun HÍ mun hafa skilað skýrslu um arðsemi Vaðlaheiðarganga 2010 en Kristján Möller samgönguráðherra var sakaður um að hafa ekki birt hana. Samkvæmt skýrslunni þurfa veggjöld að vera mun hærri en opinberlega hefur verið talað um til að göngin standi undir sér. Engu að síður var nú lagt fram frumvarp er heimilaði ríkinu að ábyrgjast 8,7 milljarða lán til framkvæmdarinnar og varð það að lögum fyrir þinglok í sumarbyrjun 2012. Deilur um málið héldu þó áfram en undirbúningsframkvæmdir hófust í ágúst. Iðnaðarráðherra undirritaði svo lánasamning vegna Vaðlaheiðarganga 30. nóvember og því ljóst að framkvæmdir komast brátt á fullan skrið.

## **SLYS**

Árið 2012 urðu 23 banaslys á Íslandi en voru 19 árið á undan. Fjórir sjómenn létust í slysum árið 2012.

Banaslys í umferð voru 9; voru 12 árið á undan. Vekur athygli að ekkert banaslys var rakið til ölvunaraksturs árið 2012 og virðist það einsdæmi miðað við slysatölur síðustu áratuga. Sex af slysunum urðu við útafakstur, tvisvar var ekið á gangandi vegfarendur, einu sinni varð árekstur tveggja bíla er orsakaðist af vindhviðu. Í þremur þessara slysa voru ökumenn ekki með bílbelti, sem hefðu líklega getað bjargað lífi þeirra. Þá gerðust líka kraftaverk; í mars var ungum manni t.d. bjargað naumlega eftir bílveltu við Laxá á Ásum. Vegfarandi sem kom að slyssaðnum hélt höfði hans upp úr vatninu þar til hjálp barst. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

telur að umferðarmenning hafi almennt heldur farið batnandi, enda urðu þar færri slys en árin á undan.

### *Sjóslys*

Togarinn Hallgrímur SI 77 fórst í illviðri á leið til Noregs 25. janúar. Þrír menn fórust en einn bjargaðist á ævintýralegan hátt. Eiríkur Ingi Jóhannsson komst í flotgalla og er talinn hafa verið rúmar þrjár klukkustundir í sjónum þegar áhöfn norskrar björgunarþyrlu fann hann og náði honum upp. Hallgrímur var byggður í Englandi 1974 en var á leið til niðurriffs er leki kom að skipinu, það lagðist á hliðina og dælur stöðvuðust. Eiríkur Ingi sagði sögu sína í löngu viðtali í Kastljósi á RÚV stuttu síðar og var það áhrifamikil frásögn enda fékk hún mikið áhorf.

Brúarfoss varð vélarvana í slæmu veðri úti fyrir Garðskaga aðfaranótt 16. febrúar og rak hratt að landi. Tókst áhöfn að endurræsa vél áður en illa færi og hélt áfram för til Vestmannaeyja.

Banaslys varð um borð í togaranum Sigurbjörgu ÓF 21. mars. Skipverji lést við þríf í móttöku.

Hinn 17. júní féll maður út úr zodiac-slöngubát í mynni Borgarfjarðar. Dóttir hans ung, er var með honum, reyndi að koma honum til bjargar en tókst ekki og fór líka í sjóinn. Komst hún upp í Borgareyjar og var bjargað þar, en föður hennar var bjargað þar sem hann hafði rekið tæplega sex sjómílnur í átt til hafs. Bæði voru í flotbúningum.

Flutningaskipið Silver Copenhagen, sem er tæplega 4 þúsund lestir, strandaði í Vopnafjarðarhöfn á útleið 1. ágúst, en þar hafði það lestað frosinn makríl. Tókst að losa skipið á flóði og sigldi það leiðar sinnar.

Línubáturinn Steinunn HF 108, 15 lesta plastbátur, var á landleið úr Djúpál hinn 8. nóvember og fékk þá á sig brot sem lagði hann á stjórnborðshliðina þar sem afli kastaðist til í lest, en þungur sjór var og NA-átt. Togarinn Örfirisey fylgdi bátnum inn til Bolungarvíkur. — Annar vestfirskur línubátur af svipaðri stærð, Jónína Brynja ÍS 55, var á landleið 25. nóvember er hann strandaði við Straumnes. Báturinn var nýr og vel búinn tækjum, sem sumum tókst að bjarga, en orsök strandsins var sú að skipverji á vakt sofnaði og sigldi upp í fjöru. — Pólfoss, frystiskip Eimskips, strandaði við Noreg 16. nóvember en náðist á flot óskemmdur.

Hinn 12. desember týndist sjómaður af togaranum Múlabergi og var talinn af.

### *Slys á útivistarfólki*

Mikið mæddi á lögreglu, björgunarsveitum og þyrlum Landhelgisgæslu vegna hins vaxandi fjölda ferðafólks, ekki síst utan hefðbundins ferðatíma. Björgunarsveitir höfðu t.a.m. í nógu að snúast við að sækja erlenda ferðalanga upp á Vatnajökul. 17. mars barst t.d. neyðarkall frá tveimur

Belgum og mátti ekki tæpara standa að þeim yrði bjargað enda 20 stiga frost uppi á jöklinum og hvasst. Voru þeir teknir upp í þylu.

Tveir erlendir ferðamenn, karl og kona, hröpuðu um 40 m niður á fjöru þegar bjargbrún sunnan við Dyrhólaey hrundi 24. maí. Hinn 21. júlí gekk yfir kröpp lægð sem olli ferðamönnum ýmsum skráveifum. Sum útköll sumarsins voru þó ekki vel grunduð. Kona af asískum uppruna, sem talin var týnd við Eldgjá, tók t.d. þátt í leitinni að sjálfri sér laugardaginn 25. ágúst. Var mikill viðbúnaður en konan vissi lítið um það, hafði bara skipt um föt og var í rútunni.

Hinn 3. september varð banaslys er maður féll í Jökulsá í Lóni. Hann hafði verið með hópi í hestaferð en talið er að hesturinn hafi hrasað í ánni. Miklir vatnavextir voru og lenti hópur manna og hesta í sjálfheldu á eyri í ánni. Fimm mönnum var bjargað við verstu skilyrði. Urðu þylumenn Gæslunnar að nota nætursjónauka við björgunaraðgerðir en hvasst var og misvandasamt. — 28. des. lést maður við köfun í Silfru á Þingvöllum. — Tveir menn létust við brotlendingu fisflugvélar á Njarðvíkurheiði 20. október. Aðstæður voru góðar og er óvíst um ástæður slyssins.

## STJÓRN MÁL

Árið byrjað ekki mjög friðvænlega. Uppstokkun í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur olli talsverðri umræðu í byrjun árs 2012. Einkum var skrifað um flóttu úr liði VG í Morgunblaðinu og mátti skilja svo að blaðið væri þar á bandi hinna „róttækari“: „Upphafið að endalokunum“ var haft eftir Lilju Mósesdóttur um ráðherraskiptin er urðu um áramótin og fólu m.a. í sér að Jón Bjarnason missti ráðherrastöðu sína. Beindi Morgunblaðið gagnrýni sinni að Steingrími J. Sigfússyni fyrir að bregðast flokksmönnum sínum. Í laugardagsblaði 7. janúar var m.a. birt opnuviðtal við Jón Bjarnason þar sem hann kvartaði yfir samstarfsfólki í ríkisstjórn, einkum forsætisráðherra, gagnrýndi viðræður við ESB og kvað nauðsynlegt að „réttu kúrs“ vinstri-grænna.

Þá komu upp ásakanir um að þingmenn hefðu „stýrt mótmælunum“ í búsáhaldaþyngingunni. Þessu var m.a. haldið fram í skýrslu sem Geir Jón Þórisson, fyrrverandi yfirlögregluþjónn og verðandi þingframbjóðandi Sjálfstæðisflokks, hafði skrifað fyrir Ríkislögreglustjóra. Gunnar Bragi Sveinsson þingflokksformaður Framsóknar vildi láta rannsaka málið, en þingmenn VG brugðust hart við og höfnuðu þessum ásökunum.

### *Landsdómur*

Í lok árs 2011 hafði Bjarni Benediktsson lagt fram tillögu á þingi um að fella niður málshöfðun gegn Geir Haarde og hófust átök um meðferð hennar á Alþingi strax í byrjun árs 2012. Má segja að þessi tillaga hafi

valdið talsverðum ágreiningi meðal stjórnarliða, því Ögmundur og Guðfríður Lilja voru t.d. fylgjandi henni. En þingforseti, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, sætti m.a. gagnrýni frá ungliðum eigin flokks fyrir meðferð málsins og Birgitta Jónsdóttir kannaði undirtektir við vantraust á hana sem þingforseta af þessu tilefni. Frávísunartillaga Bjarna var síðan felld í atkvæðagreiðslu sem klauf m.a. stjórnarflokka, 31:29.

Dómur féll í málinu gegn Geir Haarde 23. apríl og var Geir sýknaður af flestum sakarefnum en sakfelldur fyrir „stórfellt gáleysi“ og stjórnarskrárbrot þar sem hann hefði ekki boðað ríkisstjórn til funda um hin alvarlegustu mál. Honum var þó ekki gerð refsing. Geir brást reiður við niðurstöðunni, sagði dóminn beinlínis „sprenghlægilegan“. Boðaði hann að málið yrði lagt fyrir Mannréttindadómstól Evrópu.

Landsdómsmálið byggðist á skýrum lagaákvæðum — en að margra dómi úreltum. Um það hafði aldrei ríkt eining í stjórnarflokkunum og ljóst er að þegar ákveðið var að fella niður ákæru gegn þremur öðrum fyrrverandi ráðherrum fékk málið á sig ákveðinn svip pólitískra réttarhalda. Að mati Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings var Landsdómsmálið í heild pólitískt „feilhögg“.

### *Stjórnarskrármál*

Lengi var óljóst hvernig ríkisstjórn og Alþingi hygðust fara með stjórnarskrármálið og hvernig ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu þar um yrði hagað. Varð þetta ekki til að efla eindrægni við Austurvöll.

Fundi var snarlega slitið í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins 13. mars þegar einn fundarmanna, Vigdís Hauksdóttir, setti færslu á Facebook-síðu sína um það sem var að gerast á fundinum, sagði að verið væri að „slá af“ kosningu um skýrslu stjórnlagaráðs með forsetakosningu. Þingforseti úrskurðaði að Vigdís hefði brotið þingsköp með þessu. Í lok mars varð ljóst að ekki yrði kosið um stjórnarskrá samhliða forsetakjöri þar sem ekki náðist samkomulag við þingflokksformann Sjálfstæðisflokks um að ljúka afgreiðslu þingsályktunar um málið. — Var mikið málþóf, frammiköll og heldur ófriðlegt á þinginu 29. mars. Dróst málið fram á haustið.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um nokkur lykilatriði úr tillögum stjórnlagaráðs fór fram 20. október og varð kosningaþátttaka í heild tæp 49%. Spurningarnar sem bornar voru undir þjóðina voru þessar; svör fylgja:

1. Vilt þú að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá?

Já: 64,2%

Nei: 31,7%

2. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu lýstar þjóðareign?

Já: 74%                      Nei: 15,2%

3. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?

Já: 51%                      Nei: 38,3%

4. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meira mæli en nú er?

Já: 68,5%                      Nei: 18,9%

5. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að atkvæði kjósenda alls staðar að af landinu vegi jafnt?

Já: 58,2%                      Nei: 29,3%

6. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að tiltekið hlutfall kosningarbærra manna geti krafist þess að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu?

Já: 63,4%                      Nei: 23,1%

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins afgreiddi málið frá sér í nóvember en jafnframt var það sent Feneyjanefnd Evrópuráðsins um stjórnarskrármál til athugunar. Af stjórnarskrárbreytingum varð þó ekkert á þessu þingi enda höfðu þær fengið dauflegar undirtektir hjá sumum stjórnarþingmönnum og nutu lítils stuðnings meðal stjórnarandstöðu. Ýmsir fræðimenn voru líka efins; Gunnar Helgi Kristinsson stjórn málafræðingur lýsti því m.a. yfir í viðtali í lok ársins að öll aðferðafræði stjórnarskrármálsins hefði verið meingölluð frá upphafi.

### *Orrahrið*

Á haustdögum kom upp einkennilegt þrátefli á milli Ríkisendurskoðunar og Alþingis. Aðdragandi málsins var sá að í Kastljósþætti var upplýst að kostnaður við sérstakt fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, sem Skýrr hóf hönnun á upp úr aldamótum, hefði farið langt fram úr áætlunum, auk þess sem ekki hefði verið staðið við tímaáætlanir. Kerfið er enn í notkun og nefnist nú „Orri“. Var ekki annað að skilja af fréttum en að hér hefði farið saman stórfellt hirðuleysi af hálfu verkkaupa og fullkomin vanhæfni af hálfu framkvæmdaðila — sem vissulega vakti spurningar um alvarlega spillingu og meðvirkni eftirlitsaðila.

Meginheimild Kastljóss um málið var skýrsla, eða drög að skýrslu, frá Ríkisendurskoðun sem aldrei hafði verið birt eða lögð fyrir Alþingi. Sveinn Arason ríkisendurskoðandi reyndi að verjast með því að kvarta

yfir að skýrslan hefði verið „tekin ófrjálsri hendi“ úr gagnasafni stofnunarinnar en játaði þó að hann bæri ábyrgð á að ekki var lokið við hana þó að átta ár væru liðin frá því að óskað var eftir henni. Hann var kallaður fyrir nefndir þings, formaður stjórnisýslu- og eftirlitsnefndar taldi að trúnaðarbrestur væri ríkjandi og fjárlaganefnd samþykkti að senda fjáráaukalög ekki til Ríkisendurskoðunar. Endirinn varð loks sá að Ríkisendurskoðun lauk við hina síðbúnu skýrslu og skilaði henni.

### *Rammaáætlun*

Allt frá 1999 hefur svonefnd „Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða“ verið í undirbúningi á vegum Umhverfissráðuneytis. Verkinu hefur miðað hægt enda umsagnar- og samráðsaðilar margir, en umhverfissráðherra hafði þó boðað að áætlunin yrði lögð fyrir þingið 2012. Rammaáætlun hefur árum saman verið kynnt sem e.k. samkomulag eða „sáttargjörð“ milli virkjanasinna og náttúruverndarsinna, byggð á vísindalegum niðurstöðum, en þó var fulljóst að mikill ágreiningur var enn uppi, t.d. um frestun virkjana í neðri hluta Þjorsár. Rammaáætlun kom loks til afgreiðslu á haustþingi 2012 en umræðu varð ekki lokið; 18. desember var afgreiðslu hennar frestað fram í janúar.

### *Kvótamál*

Fiskveiðistjórnarmál voru eitt erfiðasta úrlausnarefni ríkisstjórnarinnar allt árið. Mikið var fjallað um málið í Morgunblaðinu, þar sem fram kom að útgerðarmenn báru mikinn kvíðboga fyrir yfirvofandi hækkun veiðileyfagjalds. Ekki var heldur mikil eining meðal stjórnarþingmanna; Jóhanna Sigurðardóttir sagði m.a. að Jón Bjarnason hefði „dundað“ við kvótafrumvarp í tvö ár án þess að komast að niðurstöðu. Hjá þingmönnum Samfylkingar var fylgi við þá hugmynd að fiskveiðikvóti færi á uppboðsmarkað, en stefna Steingríms J. Sigfússonar gerði í meginatriðum ráð fyrir að úthlutun hans yrði óbreytt en veiðileyfagjald myndi hækka. Í útvarpsviðtali í maí sagði forsetinn m.a. að hann teldi „fá mál jafn vel fallin til að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu eins og kvótamálin“. — Hinn 6. júní var birt heilsíðuauglýsing í Morgunblaðinu þar sem ýmsir sveitarstjórnamenn vörðu við samþykkt frumvarpa um fiskveiðistjórnun og veiðigjald og vísuðu til varnaðarorða sérfræðinga, sem sögðu að þau gætu stuðlað að „umhleypingum“ í greininni. Daginn eftir efndu útgerðarmenn til mótmæla í samstarfi við samtök sjómanna, sigldu skipum til Reykjavíkur og stefndu áhöfnum til fundar á Austurvelli. — Tveim dögum síðar birtu Atli Gíslason og Jón Bjarnason grein í Morgunblaðinu undir fyriðsögninni: „Hækkun veiðigjalds til ríkisins er beinn landsbyggðarskattur“.

Þinglok drógust nú mjög, eða allt fram undir þjóðhátíð, en þá var veiðigjaldafrumvarpið loks samþykkt og þingi slitið. Var veiðigjaldið talið geta



numið um 13 milljörðum á næsta ári; fyrir það mætti grafa Norðfjarðargöng, sagði Kristján Möller, en LÍU talaði um stjórnskrárbrót.

### *Virðing og málþóf*

Þing var sett 11. sept. Boðuð voru mótmæli á Austurvelli og hafði girðing verið sett upp fjær þinghúsi en áður. En mótmælendur urðu faliðaðir og þingmenn sluppu óskaddaðir milli húsa. Allmargir þingmenn mættu þó ekki í Dómkirkjuna og nokkrir létu sig vanta við ræðu forsetans. Hann talaði m.a. um að Alþingi yrði að „endurheimta virðingu sína“.

Traust almennings á Alþingi virtist stöðugt fara minnkandi samkvæmt könnunum, var orðið um 10% á síðari hluta árs 2012 og hafði aldrei verið minna. Meðal ástæðna þessa var bent á það þrátefli sem sífellt kom upp milli stjórnar og stjórnarandstöðu við afgreiðslu mála, augljóst sundurlyndi stjórnarþingmanna sjálfra, óvenju illskeyttar umræður og langar málþófslotur stjórnarandstöðu.

Afgreiðsla fjárlaga gekk mjög hægt á haustþingi og greip stjórnarandstaðan til þess að setja á löng og fjölskrúðug ræðuhöld um efni þeirra. Þegar umræður um fjárlög höfðu staðið fram undir miðnætti föstudaginn 30. nóvember gátu þeir sem fylgdust með beinni sjónvarpsútsendingu séð tvo stjórnarþingmenn, Björn Val Gíslason og Lúðvík Geirsson, ganga framhjá ræðustól þingsins, þar sem Illugi Gunnarsson stóð og talaði, með miða sem á stóð „málþóf“. Slíkar „mótmælaaðgerðir“ höfðu ekki sést fyrr á þingi og þóttu ekki til þess fallnar að bæta virðingu þess. Þegar annarri umræðu lauk 5. desember hafði hún staðið í 48 klukkustundir og 375 ræður verið haldnar. Illugi Gunnarsson taldi þó af og frá að það skaðaði orðspor þingsins: „Það hversu marga klukkutíma tekur að ræða fjárlög við aðra umræðu og það hversu marga tíma það hefur tekið áður hefur ekkert með virðingu Alþingis að gera. Ekki neitt.“ Ætlunin hefði verið að knýja á um breytingar á fjárlögunum. Margir litu þó svo á að málþófinu hefði fremur verið ætlað að tefja afgreiðslu annarra laga, t.d. Rammaáætlunar.

Margt fleira varð ríkisstjórn mótdrægt þetta haust. Jón Bjarnason sat hjá við afgreiðslu fjárlaga í mótmælaskyni við það hversu miklu fé væri varið til ESB-umsóknar. Þá þótti tíðindum sæta að Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra fékk ekki framgengt lagasetningu sem kveða átti á um frestun þess að ný barnalög tækju gildi, en sýslumenn höfðu farið fram á frestun þeirra þar sem ekki hefði unnist tími til nægilegs undirbúnings. Var þá haft á orði að stjórnarmeirihlutinn á þingi væri orðinn afar veikur. Ekki mæltist það heldur vel fyrir þegar Guðbjartur Hannesson hækkaði laun forstjóra Landspítalans um 20%. Hjúkrunarfræðingar ýfðust mjög við og urðu þeir Guðbjartur að draga gjörninginn til baka. Þá voru þau Ögmundur Jónasson og Jóhanna Sigurðardóttir talin hafa brotið jafn-

réttislög við ráðningar, annars vegar í stöðu skrifstofustjóra í forsætisráðuneyti og hins vegar sýslumanns á Húsavík.

Fylgi almennings við ESB-umsókn virtist enn fara minnkandi og ljóst að deilan um makrílveiðar á Íslandsmiðum varð ekki til að auka vinsældir sambandsins. Niðurstöður könnunar, sem birt var í október, bentu til tæplega 58% andstöðu við inngöngu. Í lok árs sagði Möður Árnason að ef Íslendingar höfðu ESB-viðræðum ættu þeir líka að segja sig frá EES-samningnum.

### *Prófkjör og framboðsmál*

Þegar kom fram á haust tóku línur að skýrast varðandi væntanlega framboðslista.

Hanna Birna Kristjánsdóttir vann stórsigur í prófkjöri Sjálfstæðisflokks í Reykjavík og lenti í fyrsta sæti en Illugi Gunnarsson varð í öðru sæti. Þá náði Brynjar Níelsson fjórða sæti í fyrstu atrennu. Bjarni Benediktsson bauð sig fram til fyrsta sætis í Suðvesturkjördæmi en fékk mótframboð, náði eigi að síður allgóðri kosningu. Vilhjálmur Bjarnason hagfræðingur náði fjórða sæti og þóttu það nokkur tíðindi.

Björn Valur Gíslason bauð sig fram í Reykjavík fyrir vinstri-græna, enda átti hann ekki von á vænlegu sæti á lista nyrðra vegna þeirrar kynjarreglu flokksins að hafa skyldi konu í öðru sæti listans. Ekki hafði hann erindi sem erfiði á höfuðborgarsvæðinu. Í lok árs sagði Guðfríður Lilja Grétarsdóttir af sér þingmennsku og tók varamaður sæti hennar.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, bauð sig fram til fyrsta sætis í Nordausturkjördæmi og atti þar kappi við þingmann flokksins nyrðra, Höskuld Þórhallsson. Hafði Sigmundur betur.

Innan Samfylkingar var úrslita í forvali Suðvesturkjördæmis beðið með nokkurri eftirvæntingu en þar hafði Árni Páll Árnason betur í keppni um fyrsta sæti gegn Katrínu Júlíusdóttur, sem þó fékk fleiri atkvæði í fyrsta til annað sæti. Jóhanna Sigurðardóttir tilkynnti flokksmönnum í septemberlok að hún hygðist hætta sem formaður í byrjun næsta árs. Þá hafði hún setið lengst allra þingmanna á þingi, yfir 34 ár, en hún varð sjötug 4. október. Þegar framboðsfrestur rann út, 28. desember, höfðu tveir boðið sig fram til formanns í flokknum, Árni Páll Árnason og Guðbjartur Hannesson.

### *Ný framboð*

Talsverð umræða var um ný framboð fyrir kosningar ársins 2013, ekki síst meðal sitjandi þingmanna. Lilja Mósésdóttir leiddi stofnun nýs stjórnmálaflokks í byrjun árs, Samstöðu, og stefndi hann á framboð í kosningum 2013. Um haustið sagði hún þó af sér formennsku og tilkynnti skömmu fyrir jól að hún myndi ekki bjóða sig fram til þings í næstu kosningum

enda hefði hún orðið fyrir vonbrigðum með undirtektir við hugmyndir sínar.

Guðmundur Steingrímsson stofnaði með félögum úr Besta flokknum stjórnmalaflokk undir nafninu Björt framtíð og gekk Róbert Marshall, áður þingmaður Samfylkingar, til liðs við hann. Var það mál manna að Guðmundur hefði staðið sig vel í Kryddsíldarþætti Stöðvar 2, sem sýndur var á gamlársdag, og myndi hafa tryggt nýstofnaðri stjórnmalahreyfingu sinni gott gengi í kosningum vorið 2013. Loks er að geta um nýja stjórnmalahreyfingu sem var í mótun 2012, Dögun. Að henni stóðu m.a. Andrea Ólafsdóttir, Lýður Árnason, Gísli Tryggvason og Margrét Tryggvadóttir, þingkona Hreyfingarinnar.

### *Efnahagsmálaumræða í árslok*

Lars Christensen, forstöðumaður greiningardeildar Danske Bank, kynnti greiningu bankans á íslensku efnahagslífi í byrjun desember. Sami maður hafði fjallað um íslenskt efnahagslíf árið 2006 og taldi þá hættumerki framundan en fékk vondar undirtektir hjá ráðamönnum á Íslandi, sem höfðu jafnvel orð á að senda þyrfti manninn á námskeið í hagfræði. Nú spáði hann heldur vel fyrir íslenskum efnahag, m.a. að hagvöxtur yrði 2,2–2,9% á næstu þrem árum. Þá spáði hann því að verðbólga myndi heldur fara minnkandi og sömuleiðis atvinnuleysi, sem hann taldi verða í kringum 5% árið 2014.

Elvira Méndez lagaprófessor við HÍ sagði í viðtali í þættinum Silfur Egils 2. desember að hún teldi áhöld um það hvort hin íslenska verðtrygging stæðist skv. Evrópurétti þar sem skuldarinn gæti aldrei vitað hver raunveruleg upphæð skuldar hans væri. Jón Steinsson, hagfræðingur við Columbiáháskóla, mótmælti þessu skömmu síðar og benti á að markmið verðtryggingar væri að tryggja raunvirði skuldar.

Prettánda desember birti ASÍ auglýsingu þar sem ríkisstjórnin var sökuð um vanefndir á lofordum sem gefin hefðu verið til að greiða fyrir kjarasamningum vorið 2011. Var skorað á Alþingi að sjá til þess að staðið yrði við lofordin. Áttu Gylfi Arnbjörnsson og Steingrímur J. Sigfússon í nokkuð harkalegu orðaskaki um málið í fjölmiðlum sama dag og sömuleiðis gáfu forystumenn ríkisstjórnar út yfirlýsingu þar sem fullyrðingum ASÍ var hafnað. Daginn eftir urðu umræður um málið á þingi og næstu daga í fjölmiðlum og voru skoðanir mjög skiptar; sagði Gylfi Arnbjörnsson sig m.a. úr Samfylkingunni af þessu tilefni.

## **SVEITARSTJÓRNARMÁL**

Ýmsar sviptingar urðu í sveitarstjórnarmálum á árinu. Bæjarstjóra Kópavogs, Guðrúna Pálsdóttur, var óvænt sagt upp störfum um miðjan janúar,

naut ekki lengur trausts að sögn oddvita Samfylkingar. Í framhaldinu slitnaði upp úr meirihlutasamstarfi Samfylkingar, VG, Y-lista Kópavogsbúa og Næstbesta flokksins. Myndaðist nú þrjú sem lauk með því að hluti Y-lista gekk til samstarfs við Sjálfstæðisflokk og varð Ármann Ólafsson bæjarstjóri.

Bæjarstjóra í Garðinum var sagt upp störfum á bæjarstjórnarfundi. 16. maí. Deilur um skólamál ollu þar miklum hita. Þá sætti Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, gagnrýni framan af árinu fyrir uppsagnir starfsmanna bæjarins. Innanríkisráðuneytið úrskurðaði að við uppsögn Ólafs Melsted sviðsstjóra umhverfissviðs bæjarins hefði ekki verið farið að settum reglum. Meirihluti hafnaði sáttaleið og framundan voru málaferli. Um sumarið slitnaði upp úr meirihlutasamstarfi Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í Grindavík vegna ágreinings um meðferð eigna bæjarins o.fl.

Bæjarstjórinn á Akranesi, Árni Múli Jónasson hætti óvænt í nóvember. Var borið við samstarfsörðugleikum og tók bæjarritari tók við starfi hans til bráðabirgða. Í desember var svo ákveðið að ráða Regínu Ásvaldsdóttur í stöðu bæjarstjóra. Hinn 17. desember var síðan bæjarritaranum, Jóni Pálma Pálssyni, vikið úr starfi fyrir fremur óljósar sakir að því er mörgum sýndist.

Fjármál margra sveitarfélaga standa illa. Sandgerði er skuldugasta sveitarfélag landsins skv. nýlegri skýrslu. Skuldarnar sexfölduðust á árunum 2002–2010. Þá vilja ýmis sveitarfélög nú kaupa sig út úr Fasteign, rekstrarfélagi fasteigna, og virðist stefna í að félagið leysist upp.

Sameining Álftaness og Garðabæjar var samþykkt í kosningum 20. október með 53% atkvæða í Garðabæ en tæpum 88% atkvæða á Álftanesi.

Ný sjónvarpsþáttaröð fór í loftið á RÚV sumarið 2012 undir heitinu Flick flakk. Stjórnandi var Guðrún Dís Emilsdóttir. Á dagskrá þáttanna voru heimsóknir í nokkur bæjarfélög þar sem íbúar og gestir réðust í umbætur og lagfæringar á hafnarsvæðum og leituðust við að breyta þeim í torg. Nokkur eftirmál munu þó hafa orðið á Hornafirði vegna kostnaðar við verkefnið.

Nokkurrar óánægju gætti með nýskipan og hagræðingu í skólamálum í Reykjavík, sameiningu leikskóla og ekki síður grunnskóla, t.d. Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla.

Skipulagsráð Reykjavíkur kynnti í júlí vinningstillögur ASK arkitekta um skipulag við Austurvöll og Ingólfstorg. Gera þær m.a. ráð fyrir „menningarhúsi“ við torgið. Pétur Þór Sigurðsson, helsti eigandi eigna á svæðinu, greiddi reyndar helming kostnaðar við keppnina og sat sjálfur í dómnefnd. Gert er ráð fyrir að Nasa, sem einu sinni hét Sjálfstæðishús og síðar Sigtún, verði rífið en reistur hótelsalur. Kristín Porkelsdóttir,



*Óþekkti embættismaðurinn stefnir á Ráðhús Reykjavíkur. Túristar hafa varann á.*

sem sat í nefndinni, skilaði séráliti og taldi m.a. tillögur gera ráð fyrir of miklu byggingamagni og ekki taka nægilegt tillit til eldri byggðar. Pétur Þór var sáttur en ekki Halla Bogadóttir, húsráðandi í hönnunarmiðstöðinni Kraum í Aðalstræti. Hún og félagar hennar mynduðu „baráttuhóp fyrir björgun Ingólfstorgs“ er safnaði um 14 þúsund undirskriftum gegn þessum áformum.

Í júní komst héraðsdómur Reykjavíkur að þeirri niðurstöðu að hjón sem fengið höfðu lóð í Úlfarsárdal, greitt fyrir en vildu hætta við, mættu

skila borginni aftur lóðinni og fengu endurgreitt. Kostaði þetta þriggja ára málavafstur.

Í desember kynntu borgaryfirvöld í Reykjavík endurskoðaðar áætlanir um byggð í Grafarholti og Úlfarsárdal. Er nú stefnt að því að íbúðahverfið verði sex sinnum minna en ráðgert hafði verið á tímum „góðæris“ og þenslu í byggingaframkvæmdum fyrir hrún. Í stað 18 þúsund manna byggðar komi tvö þúsund og fimm hundruð til þrjú þúsund manna byggð.

## TÓNLIST

Mikil gróska var í tónlistarlífi á Íslandi árið 2012; lauslegt yfirlit um nokkra af helstu viðburðum ársins, aðsókn að þeim og dómur um þá, benda ekki til að á því sviði ríki nein kreppa.

Ástralski gítarsnillingurinn Tommy Emmanuel hélt tónleika í Háskólabíói 9. janúar. Húsfyllir var og þóttu tónleikarnir takast afar vel. Björn Thoroddsen hitaði upp og tók með honum lagið í lokin.

Valgeir Guðjónsson hélt afmælistónleika í Eldborgarsal sunnudaginn 22. janúar við feikigóðar undirtektir. Með honum komu fram ýmsir samverkamenn, Sigrún Hjálmtýsdóttir söng t.a.m. með honum í nokkrum lögum og Stuðmenn komu og spiluðu á síðari hluta tónleikanna.

Víkingur Heiðar Ólafsson hélt fyrstu píanótónleikana í Hofi á Akureyri 5. febrúar. Frumflutti hann m.a. verk eftir Jón Hlöðver Áskelsson.

Áttunda febrúar flutti ungur en heimsfrægur bandarískur einleikari, Hilary Hahn, 4. fiðlukonsert Mozarts með Sinfóníunni undir stjórn Peters Oundjian. Fengu tónleikarnir feikigóða dóma.

La Bohème eftir Puccini var sett á svið í Hörpu í mars. Leikstjóri var Jamie Hayes en hljómsveitarstjóri Daníel Bjarnason. Gissur Páll Gissurarson og Hulda Björk Gardarsdóttir voru í aðalhlutverkum. Fékk uppfærslan afbragðsdóma.

Tveir af fremstu djassmönnum samtímans, píanistinn Chick Corea og víbrafónleikarinn Gary Burton, héldu tónleika í Eldborg 24. apríl.

Rússneski píanósnillingurinn Arcadi Volodos kom fram á einleikstónleikum í Hörpu á listahátíð 20. maí og fékk afbragðsviðtökur. Raunar sagði einn gagnrýnandi að áheyrendur hefðu „gengið af göflunum“. Listahátíð lauk 3. júní en uppselt var á flesta tónleika hennar.

Hinn 7. júní lauk Sinfóníuhljómsveit Íslands Beethoven-hringnum, þ.e. flutningi á öllum níu sinfóníum Beethovens. Stjórnandi var Hannu Lintu. Síðastar á dagskrá voru sinfóníurnar nr. 8 og 9 og svo mikil var aðsóknin að aukatónleikar voru haldnir daginn eftir.

Af frægum stjörnum dægurlagaheimsins má geta þess að James Taylor

hélt tónleika með hljómsveit í Hörpu 18. maí. Breski tónlistarmaðurinn Elvis Costello hélt tónleika þar 10. júní. Hann bauð viðstöddum m.a.s. upp á að velja óskalög. Þá hélt hljómsveitin Jethro Tull tónleika í Hörpu 21. júní þar sem verk Ians Anderson, *Thick as a Brick*, frá árinu 1972, var á efniðsskránni. Þar er um að ræða eitt frægasta framúrstefnuverk þessara ára, ásamt yngra framhaldi, og seldust miðar í Eldborgarsal upp á sjö mínútum. Var því slegið í aukatónleika daginn eftir þar sem einnig var húsfyllir.

Elsti hornaflokkur landsins, Lúðrasveit Reykjavíkur, fagnaði 90 ára afmæli á árinu og af því tilefni voru ýmsar uppákomur, þ.a.m. tvennir tónleikar í Hörpu.

Tony Bennett hélt tónleika með djasshljómsveit í Hörpu 10. ágúst fyrir fullu húsi. Vernharður Linnét kallaði hann síðasta stórkrúnerinn. Tony var 86 ára og söng í nær tvo tíma án hlés.

Il Trovatore eftir Giuseppe Verdi var færð upp í Hörpu á haustdögum. Hljómsveitarstjóri var Carol I. Crawford en leikstjóri Halldór E. Laxness. Sviðsetning þótti fremur látlaus, sviðsmynd og búningar ekki heillandi, og má vera að það hafi heldur dregið úr aðsókn. En uppfærslan þótti vel heppnuð hvað tónlistarflutning snerti, ekki síst frammistaða Jóhanns Friðgeirs Valdimarssonar.

Berlínarfilharmónían lék í Eldborgarsal Hörpu 20. nóvember og flutti m.a. verk eftir Wagner, Debussy og Ravel. Stjórnandi var Simon Rattle. Jónas Sen gagnrýnandi sagði um tónleikana: „Ótrúleg fágun, fullkomin tækni, stórkostleg túlkun.“

Kristinn Sigmundsson, Björn Thoroddsen, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Gunnar Hrafnsson héldu tónleika í Salnum í Kópavogi 23. nóvember undir yfirskriftinni „Ég veit þú kemur“. Þetta voru óvenjulegir tónleikar því hér voru á dagskrá djassaðar útgáfur af íslenskri dægurlagaklassík eftir Jón Múla, Sigfús og fleiri. Svo vel tókst til að haldnir voru þrennir tónleikar í viðbót.

Hin árlega djasshátíð í Reykjavík (Jazzhátíð Reykjavíkur) hófst á menningarnótt, 18. ágúst, og stóð áfram í tvær vikur. Sérstaklega var minnst Árna Ísleifssonar píanóleikara sunnudaginn 19. ágúst. Fjöldi erlendra gesta kom fram á þessu tímabili.

Stuðmenn fögnuðu 30 ára afmæli kvikmyndarinnar *Með allt á hreinu* með tvennum tónleikum í Hörpu í byrjun október.

Iceland Airwaves-hátíðin var haldin 31. október til 4. nóvember. Viðburðir voru fjölmargir og misstórir en lokaatriðið var tónleikar Sigur Rósar í Laugardalshöll. Þetta er lítil tónlistarhátíð á erlendan mælikvarða en vekur vaxandi athygli og dregur að sér æ fleiri erlenda gesti. Könnun sem ÚTÓN stóð fyrir meðal gesta bendir til að velta erlendra gesta, að

ferðakostnaði meðtöldum, sé um 1,1 milljarður. Alls komu rúmlega 7500 gestir á hátíðina og þar af var rúmur helmingur útlendingar.

Kristinn Sigmundsson og Víkingur Heiðar héldu tónleika í Norður-ljósasal Hörpu 16. nóvember. Á dagskrá voru ýmis verk sem segja má að kallist á við Vetrarferð Schuberts, svo sem Dichterliebe Schumanns og Söngvar förumannsins eftir Mahler.

Fyrir utan þessa viðburði alla voru haldnar ýmsar tónlistarhátíðir sem sumar eru orðnar árvissir viðburðir, njóta vaxandi vinsælda og eiga jafn-vel sína fastagesti. Þannig má nefna Aldrei fór ég suður, sem haldin er á Ísafirði um páska, Blúshátíð Reykjavíkur sem haldin er um mánaðamótin mars-apríl og Þjóðlagahátíðina á Siglufirði sem haldin er í júlí.

Árið 2012 reyndist farsælt mörgum íslenskum tónlistarmönnum sem glíma við að koma list sinni á framfæri. Hljómsveitin Of Monsters and Men átti mikilli velgengni að fagna erlendis á árinu, ekki síst í Banda-ríkjunum. Plata hljómsveitarinnar, My head is an animal, kom út haustið 2011 en árið eftir hafði hún selst í yfir milljón eintökum. Hljómsveitin hélt opna tónleika í Hljómskálagarðinum 7. júlí í besta veðri. Giskað var á að áheyrendur hefðu verið 18 þúsund. — Ungur tónlistarmaður vakti fyrst athygli snemma árs 2012, Ásgeir Trausti Einarsson. Hann sendi frá sér plötu í lok ársins, Dýrð í dauðaþögn. Fékk hún afar góða dóma og varð metsöluplata jólavertíðarinnar, seldist í yfir 21 þúsund eintökum.

Af íslenskri tónlistarútgáfu skal og getið tvöfaldrar útgáfu á Vetrar-ferðinni eftir Schubert í flutningi Kristins Sigmundssonar og Víkings Heiðars Ólafssonar. Þar var bæði um að ræða mynddisk frá tónleikum í Hörpu 2011 og stúdíoupptöku með sama verki. Um þessa útgáfu sagði Ríkharður Ö. Pálsson að hún markaði „tímamót í hérlenskri hljómdiska-sögu“.

Björn Thoroddsen hefur átt góðu gengi að fagna í Kanada og Banda-ríkjunum undanfarin ár; er orðinn nokkuð stórt nafn í djassheiminum þar, ekki síst í Winnipeg þar sem hann hélt gítarveislu sína þetta árið.

Loks er þess að geta að í júní var tilkynnt að Anna Þorvaldsdóttir fengi Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir verk sitt Dreymi. Voru verðlaunin, 350 þúsund danskar krónur, afhent á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki um haustið.

## ÚTVEGUR

Aflaverðmæti íslenskra skipa nam alls 160,4 milljörðum 2012 og hafði aukist um 4,3% frá fyrra ári en þá nam það 153,9 milljörðum, skv. niður-stöðum Hagstofunnar.





*Aflaskipin Vikingur og Bjarni Ólafsson innan um smábáta í Akraneshöfn á haustkvöldi 2012.*

*Afli og aflaverðmæti veigamestu tegunda 2012 (fyrra á innan sviga)*

	<i>Afli í tonnum</i>		<i>Aflaverðmæti í millj. kr.</i>	
Þorskur:	204.818	(182.035)	49.545	(46.387)
Ýsa:	47.714	(51.299)	12.211	(11.992)
Ufsi:	50.980	(50.487)	9.448	(9.139)
Karfi:	61.408	(56.776)	14.537	(14.973)
Síld:	193.319	(126.686)	14.586	(14.465)
Loðna:	585.628	(317.628)	13.532	(8.885)
Makrill o.fl.:	152.347	(158.635)	15.907	(19.644)

Útflutningsverðmæti sjávarafurða árið 2012 nam hins vegar í heild 277 milljörðum. Mestum verðmætum skilaði heilfrystur makrill, tæpum 19 milljörðum, en þorskur, ferskur og kældur, skilaði 17,4 milljörðum en saltaður 14,5 milljörðum. Loðnumjöl var flutt út fyrir 13,9 milljarða.

*Kvóti*

Fiskveiðiárið hefst 1. september og þá birtir Fiskistofa yfirlit um veiðiheilmildir í samræmi við ákvörðun ráðuneytis. Þar er notast við hugtakið þorskígildi, þar sem þorskur er grunneining en tekur einnig til allra

annarra tegunda sem veiddar eru skv. aflamarksreglum. 1. september 2012 var alls úthlutað 318.554 tonnum þorskígilda og var það nokkur aukning frá fyrra ári þegar úthlutað var tæpum 300 þúsund þorskígildum. Stærstur hlutur fer til skipa með heimahöfn í Reykjavík, 14,2%, þá koma Vestmannaeyjar með 10,6% en í þriðja sæti er Grindavík sem fær 9,5% kvótans.

Eftirtalin tíu útgerðarfyrtæki fengu úthlutað mestum aflaheimildum við upphaf fiskveiðiárs, 1. september 2012:

	þorskígildiskg	% af heild
HB Grandi	34.305.634	10,8
Samherji	20.541.735	6,5
Þorbjörn	18.119.939	5,7
Vísir	13.330.785	4,2
FISK - Seafood:	16.394.091	5,2
Brim	15.646.378	4,9
Rammi	13.300.812	4,2
Vinnslustöðin	12.137.821	3,8
Hraðfr.-Gunnvör:	10.372.574	3,3
Skinney-Þingan.:	8.403.119	2,6

Þessi 10 skip fengu stærstu aflaheimildir:

	þorskígildiskg
Guðmundur í Nesi RE	7.939.064
Kaldbakur EA	6.752.508
Brimnes RE	6.606.249
Júlíus Geirmundsson ÍS	6.534.089
Björgúlfur EA	6.171.528
Björgvin EA	5.647.249
Ottó N. Þorláksson RE	5.145.431
Arnar HU	5.040.265
Höfrungur III AK	5.028.449
Þerney RE	5.028.310

Veiðar á svonefndum ókvótabundnum tegundum drógust heldur saman á fiskveiðiárinu 2011–2012 nema á úthafsækju; af henni bærust á land tæp níu þúsund tonn.

#### *Grásleppuveiðar*

Árið 2012 voru gefin út 339 grásleppuleyfi og hafði þeim fækkað um 30 frá fyrra ári. Þriðjungur grásleppuleyfa var veittur til Norðurlands, svæðisins frá Skagatá og austur að Fonti. Sú nýlunda var tekin upp að grásleppuveiðimönnum var með nýjum reglum gert að koma með allan

afla að landi, en hingað til hefur verið heimilt að hirða aðeins hrogn. Af þessum sökum hefur löndun á óslægðri grásleppu vaxið úr 345 tonnum í 4.150 tonn 2012. Fiskistofa gerir ráð fyrir að hrogn hafi verið um 2000 tonn 2012.

### Strandveiðar

Svonefndar strandveiðar hafa nú verið heimilaðar í fjögur ár og miðast við tímabilið maí til ágúst. Hér er aðeins um að ræða handfæraveiðar og skip sem fá strandveiðileyfi fá ekki önnur veiðileyfi. Heimilt var að veiða allt að 8.600 tonnum af óslægðum botnfiski.

Strandveiðisvæði:	Afli í tonnum 2012:
A: Eyja- og Miklaholtshr. til Súðavíkur	2.890
B: Strandabyggð til Grýtubakkahrepps	2.098
C: Þingeyjarsveit til Djúpavogs	2.247
D: Hornafjörður til Borgarbyggðar	1.514
Þorskur var uppistaða aflans eða 85%.	

## VERSLUN

Á árinu 2012 voru fluttar út vörur fyrir 633 milljarða kr. fob (620,1 árið áður) en inn fyrir 555,7 fob (423 milljarða árið áður) eða 597,3 milljarða cif. Vöruskiptajöfnuður miðað við fob-útflutningsverðmæti en cif-innflutning var því hagstæður um sem nemur 35,8 milljörðum króna en var hagstæður um 58,5 milljarða á síðasta ári. Vöruskiptajöfnuður hefur verið hagstæður síðan 2009.

Iðnaðarvörur eru nú fimmta árið í röð í efsta sæti yfir verðmæti útflutningsvarnings, alls 52,3%. Sjávarafurðir eru í öðru sæti, 42,4%. Við samanburð þarf að hafa í huga að iðnaðarvörurnar eru að verulegu leyti fluttar út af erlendum fyrirtækjum en sjávarafurðirnar innlendum.

Langmestur hluti útflutnings fer til EES-svæðisins eða sem svarar 78,3% að verðmæti. Innflutningur frá EES-löndum nemur hins vegar 61,4%.

*Hluttur vöruflokka í verðmæti vöruútflutnings; verð í milljónum kr. fob; árið 2011 í svigum og prósentuhluti af heildarútflutningi árið 2012:*

Iðnaðarvörur	331.145	(335.479)	52,3%
Sjávarafurðir	268.631,7	(251.573)	42,4%
Landbúnaðarvörur	12.326,9	(9.910,5)	1,9%
Aðrar vörur	20.925,5	(23.165)	3,3%
Útflutningur alls:	633.029,1	(620.127,4)	

„Aðrar vörur“ eru m.a. notuð farartæki, endurvinnsluvörur, jarðefni o.fl. Ef miðað er við fast gengi dregst verðmæti útflutnings í rauninni saman um 0,3% og vegur þar þyngst að verðmæti iðnaðarvara minnkar um 3,6%, en á móti kemur þó að verðmæti sjávarafurða eykst um 5%.

*Helstu innflutningsvörur; verð í milljónum kr. fob; árið 2011 í svigum.*

Matvörur og drykkjarvörur	50.226,3	(47.949,8)
Hrávörur og rekstrarvörur	158.406,7	(165.225,2)
Eldsneyti og smurolíur	84.345,4	(76.233,2)
Fjárfestingavörur	117.662,7	(114.279,5)
Flutningatæki	72.697,7	(45.149,8)
Neysluvörur	70.876,7	(68.536,5)
Annað	1.480,0	(5.611,2)
<b>Innflutningur alls:</b>	<b>555.695,4</b>	<b>(522.985,3)</b>

Hér er ástæða til að vekja athygli á aukinni fjárfestingu í flutningatækjum, um sem nemur 57,3%. Líklega má telja hana vísbendingu um að efnahagskreppan sé á undanhaldi.

<b>Vöruskiptajöfnuður (fob):</b>	<b>77.333,7</b>	<b>(97.142,1)</b>
----------------------------------	-----------------	-------------------

#### *Innflutningur*

Hér má sjá þau tíu lönd þaðan sem mest er flutt til landsins og fjárhæðirnar sem um ræðir. Miðað er við cif-verð og gengi hvors árs. Tölurnar eru milljónir kr. en tölur í svigum eiga við árið 2011.

Noregur	99.315,6	(89.567)
Bandaríkin	61.059,0	(61.038)
Þýskaland	54.813,1	(44.343)
Kína	42.743,1	(35.122)
Brasilía	39.730,9	(32.488)
Holland	36.120,9	(41.299)
Danmörk	33.801,5	(34.885)
Bretland	27.753,6	(29.027)
Svíþjóð	22.929,5	(21.927)
Ítalía	17.912,9	(17.760)

Innflutningur á olíu veldur mestu um að Noregur lendir í fyrsta sæti á þessum lista, en innflutningur á súráli setur Bandaríkin í annað sæti.

#### *Útflutningur*

Hér eru þau tíu lönd þangað sem mest er flutt; útflutningsverðmæti í milljónum fob á gengi hvors árs en tölur í svigum vísa til fyrra árs.

Holland	189.654,4	(200.888)
Þýskaland	81.502,2	(92.792)
Bretland	62.170,7	(55.879)
Noregur	32.258,0	(27.379)
Bandaríkin	28.338,1	(22.959)
Frakkland	28.116,1	(24.166)
Rússland	24.200,4	(19.399)
Spánn	22.076,1	(23.899)
Danmörk	16.504,2	(14.208)
Nígíría	16.502,0	(12.260)
Ítalía	13.014,1	(15.732)
Japan	12.925,1	(15.443)

Í útflutningi til Hollands og Þýskalands vega ál og álafurðir langmest. Útflutningur til Bretlands er hins vegar rúmlega 75% sjávarafurðir.

## VÍSITÖLUR OG VERÐLAG

Verðbólga ársins 2012 (frá miðjum janúar 2012 til jafnlengdar 2013) nam 4,2%. Hún var 6,5% árið 2011, 1,8% árið 2010 og 6,6% 2009. Verðbólga milli ársmeðaltala 2011 og 2012 nam 5,2%, 4,0% milli 2010 og 2011 og 5,4% milli 2009 og 2010.

Tólf mánaða hækkun verðlags er helsti mælikvarði verðbólgu í daglegri umæðu. Hún er m.a. viðmið í verðbólguþýringu Seðlabankans. Hún var 6,5% í upphafi árs 2012 en fór niður í 4,2% í ágúst og hélt á því róli út árið 2012. Þriggja mánaða verðbólga, færð á ársgrundvöll, er sveiflukenndari, meðal annars vegna árstíðabundinna verðbreytinga. Hún var 2,6% í janúar 2011, jókst í 12% í apríl, fór undir núllið í apríl, og endaði í 1,3% í janúar 2013. Hún jókst hins vegar mánuðina þar á eftir.

Vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkaði um 5% innan árs 2010, meira en vísitalan öll. Húsnæðishluti vísitölunnar — með viðhaldskostnaði, hita og rafmagni — hækkaði um 1,7% og dró niður heildarvísitöluna, ólíkt því sem var 2011 og árin 2002–7. Verð á innfluttum vörum hækkaði um 3,2%, litlu meira en meðalverð erlendra gjaldmiðla. Án þeirra hefði verðbólga einnig mælst um 0,8 prósentum hærri en varð. Fasts kattavísitala neysluverðs, sem sýar út bein verðlagsáhrif óbeinna skatta, hækkaði um 4,0% innan ársins 2012, 0,2% minna en almenna vísitalan.

Frá því Seðlabankinn hætti að birta gengisskráningargog krónunnar, í ársbyrjun 2009, hefur viðskiptavog gjaldmiðla með a.m.k. 1% hlutdeild í utanríkisviðskiptum Íslands verið algengasti mælikvarðinn á gengi

krónunnar. Hún er tiltölulega lík fyrri vog. Samkvæmt henni hækkaði verð erlendra gjaldmiðla um 7,1% á árinu 2012 (m.v. 31. desember) eftir 4,4% hækkun 2011, 10,6% lækkun 2010 og 7,6% hækkun árið 2009.

Virði krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum veiktist samkvæmt þessu um 6,6% á árinu 2012, en þróunin var misjöfn innan ársins. Krónan veiktist um 5,7% frá áramótum til loka mars með samsvarandi hækkun á verði erlendra gjaldmiðla, þá styrktist hún um 10,7% til loka júlí en veiktist síðan um 10,6% til áramóta.

Í árslok 2012 var sölugengi nokkurra gjaldmiðla samkvæmt skráningu Seðlabankans sem hér segir: Evran kostaði 170,27 krónur, 6,9% meira en í lok 2011. Bandaríkjadalur kostaði 129,05 krónur, 4,9% meira en í ársbyrjun, breskt pund kostaði 208,65 krónur og hafði hækkað um 9,9% á árinu, en japanska jenið kostaði 1,4996 krónur, 5,7% minna en um fyrri áramót. Danska krónan kostaði 22,83 íslenskar krónur eftir 6,5% hækkun á árinu, sú norska 23,11 kr. eftir 12,9% hækkun og sænska krónan 19,816 krónur eftir 11,1% hækkun.

Gjaldeyrishöftin, sem komið var á í nóvemberlok 2008, stóðu enn í árslok 2012. Undirbúningur afnáms hélt þó áfram á árinu, m.a. með gjaldeyrisviðskiptum Seðlabankans á útboðsformi og beinum inngrípum á markaði í einstaka tilvikum. Í mars var framkvæmd haftanna styrkt með lagabreytingum sem hertu verulega reglur um yfirfærslu greiðslna frá þrotabúum og sambærilegum aðilum, sem og yfirfærslu afborgana af skuldbréfum. Eftirlitsheimildir Seðlabankans vegna slíkra greiðslna voru jafnframt styrktar.

## ÝMISLEGT

*Aftakaveður við upphaf og lok árs.* Illviðrasamt var víða um land í janúar og í Reykjavík voru samgöngur lamaðar 10. janúar vegna fannfergis. Þá urðu rafmagnstruflanir víða um land og verksmiðjur á Grundartanga urðu rafmagnslausar um tíma. Tjón varð verulegt. – Árinu lauk á svipaðan hátt og það byrjaði. Milli jóla og nýárs hlóð niður miklum snjó um vestanvert landið. Var þegar varað við snjóflóðahættu. 28. desember þurfti fjöldi fólks á Vestfjörðum að rýma hús sín, einkum á Patreksfirði. Lýst var yfir almannavarnaástandi um stóran hluta landsins, allt frá Sel-fossi til Húsavíkur. Fjöldi snjóflóða féll á Vestfjörðum.

*Akureyri.* 150 ára afmælishátíð Akureyrar hófst 24. ágúst. Íslands-klukkunni var þá hringt 150 sinnum.

*Baldur Guðlaugsson.* Hæstiréttur staðfesti í febrúar niðurstöðu hér- aðsdóms yfir Baldri Guðlaugssyni fyrrv. ráðuneytisstjóra fyrir innherja- svik og brot í opinberu starfi er hann seldi hlutabréf sín í Landsbankanum í september 2008, skömmu áður en bankinn var lýstur gjaldþrota. Var

honum gerð tveggja ára fangelsisvist og að skila andvirði hlutabréfanna, 192 milljónum króna.

*Bauhaus.* Byggingavörukeðjan Bauhaus hafði loks fengið úthlutað lóð og lokið við stórhýsi sitt við Vesturlandsveg haustið 2008, þegar kreppan var að skella á. Næstu árin stóð húsið autt, en haustið 2011 var farið að huga að opnun. Fréttir hermdu að allt að 2500 manns hefðu sótt um vinnu þar en um hundrað voru ráðin. Verslunin var síðan opnuð í byrjun maí 2012.

*Byr.* Stjórnendur sparisjóðsins Byrs voru dæmdir fyrir umboðssvik í Hæstarétti í svokölluðu Exeter-máli. Jón Þorsteinn Jónsson og Ragnar Z. Guðjónsson fengu fjögurra og hálfis árs fangelsi.

*Bönkum lokað.* Bankaútibúum hefur fækkað mjög á undanförunum árum og þjónusta færst á netið. Eldri borgarar kvarta margir yfir því enda er tölvufærni þeirra misjöfn. Landsbankinn lokaði sjö útibúum á landsbyggðinni um mánaðamótin maí-júní en þegar útibúinu á Fáskrúðsfirði var lokað fjölmenntu íbúar á staðinn og tóku út sparifé sitt. Varð útibúið að lokum uppiskroppa með reiðufé.

*Dagur íslenskrar náttúru* var haldinn hátíðlegur í annað sinn 16. september. Var þess minnst í dagskrá ýmissa stofnana víða um land.

*Dagur íslenskrar tungu* er 16. nóvember. Hannesi Péturssyni voru að þessu sinni veitt verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og afhenti menntamálaráðherra honum þau við athöfn í Álfthanesskóla.

*Edduverðlaun.* Kvikmyndin Eldfjall fékk flest verðlaun 2012 sem besta kvikmyndin, Rúnar Rúnarsson fékk verðlaun fyrir handrit og leikstjórn en Theodór Júlíusson og Margrét Helga Jóhannsdóttir sem bestu aðal-leikarar. Vilhjálmur Knudsen fékk heiðursverðlaun.

*Eir í vanda.* Um haustið kom í ljós að hjúkrunarheimilið Eir á í miklum fjárhagsvanda vegna byggingar fjölda öryggisíbúða sem ekki hefur tekist að selja. Þær framkvæmdir stóðu sem hæst þegar hrunið varð síðla árs 2008, en Húsrekstrarsjóður Eirar hélt framkvæmdum áfram eins og ekkert hefði ískorist á sama tíma og aðrir húsbyggjendur drógu saman seglin. Miklar skuldir og fjármálaóreiða virðast hafa einkennt reksturinn síðustu ár og eru horfur á að verðmæti íbúðarréttar fjölda einstaklinga gæti verið tapað. Séra Sigurður Helgi Guðmundsson var framkvæmdastjóri Eirar fram í ársbyrjun 2011 en þá tók Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, stjórnarformaður félagsins sem einnig var lengst af formaður Húsrekstrarsjóðsins, við starfi framkvæmdastjóra. Í desember gengu þrír stjórnarmenn á fund sérstaks saksóknara, afhentu honum gögn og fóru fram á rannsókn á málum Húsrekstrarsjóðs. Í framhaldi af því var félaginu skipuð ný stjórn.

*Eldsvoði á Selfossi.* Hinn 14. mars kom upp eldur í röraverksmiðjunni Set. Tókst að afstýra stórtjóni og bjarga geymsluhúsnæði, en veitingastaðurinn 800 eyðilagðist.

*Erlendar kvikmyndir.* Nokkrar stórmyndir voru teknar að hluta á Íslandi sumarið 2012. Íslenska fyrirtækið Truenorth hefur sérhæft sig í þjónustu við aðila í þessari starfsemi. Stykkishólmsbæ var m.a. breytt í sviðsmynd fyrir kvikmynd Bens Stiller, „The Secret life of Walter Mitty“, og atriði í „Oblivion“ með Tom Cruise voru tekin við Hrossaborg.

*Eurovision.* Gréta Salóme og Jónsi, Jón Jósep, kepptu fyrir Íslands hönd í Aserbaídsjan með laginu „Never forget“. Þau komust í aðra umferð og lentu í 19. sæti.

*Fáskrúðsfjörður.* Byrjað var að endurreisa Franska spítalann á Fáskrúðsfirði. Upphaflega var hann byggður þar í byrjun tuttugustu aldar en fluttur 1939 að Hafnarnesi, þaðan sem hann hefur nú verið fluttur.

*Femínistinn Hildur Lilliendahl* opnaði Facebook-síðu sem hún nefndi „Karlar sem hata konur“ og var helguð ýmsum glannalegum ummælum karla um konur. Hún fékk mjög hörð viðbrögð, jafnvel skammir og svívirðingar, en þó urðu margir til að styðja hana og í lok ársins völdu lesendur DV hana „hetju ársins“.

*Fiskidagurinn mikli á Dalvík* er vafalaust með best heppnuðu bæjarhátiðum og dregur jafnan að sér mikið fjölmenni. Hann er haldinn fyrsta laugardag eftir verslunarmannahelgi. Vegagerðin áætlað að allt að 25 þúsund manns hafi komið þangað sumarið 2012, miðað við umferðina beggja megin bæjarins.

*Fjármálaeftirlitið.* Gunnari Þ. Andersen var sagt upp stöðu forstjóra og hann var síðan ákærður fyrir brot á þagnarskyldu með því að hafa komið gögnum um fjármál Guðlaugs Þórs Þórðarsonar til fjölmiðla. Unnur Gunnarsdóttir lögfræðingur var ráðin forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

*Frægðarmenni.* Óvenjumörg frægðarmenni úr skemmtanaíðnaðinum voru á ferð á Íslandi sumarið 2012, ekki síst í tengslum við kvikmynda-tökur, en það fer í vöxt að erlend kvikmyndafyrirtæki taki hér upp atriði. Þar bar einna mest á kvikmyndaleikaranum Russel Crowe, sem einnig kom hér fram á opnum tónleikum þar sem söngkonan Patti Smith birtist líka, öllum að övörum. Af öðrum stórstjörnum má nefna Ben Stiller, Tom Cruise og Emmu Watson.

*Fiskvegur* var opnaður meðfram svonefndum Steinboga í Jökulsá á Dal. Aðgerðin var mjög umdeild en fljótlega fór þó lax að veiðast ofan við Steinbogann.

*Gassprenging.* Hinn 16. september varð mjög hörð sprenging vegna gasleka í íbúð við Ofanleiti í Reykjavík. Einn maður var í íbúðinni og lést hann af sárum sínum.

*Gillzenegger.* Nauðgunarákæra gegn Agli Einarssyni, er kallar sig Gillzenegger, hlaut talsverða umfjöllun framan af árinu og vakti ekki síst athygli er Guðbergur Bergsson kom honum til varnar með skrifum á Eyjuni. Egill var síðar sýknaður af öllum ásökunum. Hann lýsti því hins





*Franski spítalinn á Hafnarnesi áður en hann var fluttur.*

vegar yfir að hann hygðist kæra tiltekna femínista fyrir ofsóknir og taldi að pólitískar orsakir hefðu legið að baki málatilbúnaðinum.

*Glitnismenn dæmdir.* Lárus Welding og Guðmundur Hjaltason voru sakfelldir fyrir umboðssvik í lok ársins. Fengu þeir níu mánaða dóm, þar af skilorðsbundinn í sex mánuði, og voru dæmdir til greiðslu málsvarnarlauna, um 5 millj. hvor. Svonefnt Milestone-lán var dæmt ólögmat.

*Grindavík* sigraði í spurningakeppni Sjónvarpsins, Útsvari.

*Grímsstaðir á Fjöllum* voru enn til umræðu og nú var í deiglu að eignarhaldsfélag sveitarfélaga myndi kaupa landið og síðan yrði gerður langtímaleigusamningur við félag Huangs Nubo. Innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, stofnaði samráðshóp um málefnið en samstaða sveitarfélaganna virtist ótraust og ekkert varð af samningum. — Róbert Trausti Árnason sendiherra skrifaði um málið og taldi illa hafa verið að málinu staðið af hálfu Huangs og íslenskra aðstoðarmanna hans og að kínversk yfirvöld væru lítt hrifin. Spáði hann því að málið ætti eftir að daga uppi á árinu með valdaskiptum í Kína. Huang Nubo gerði hins vegar sem fyrr stólpagrín að Íslendingum í viðtölum við erlenda fjölmiðla. — Hinn 31. ágúst birtist heilsíðuauglýsing í blöðum með áskorun um að Grímsstaðir yrðu þjóðareign. Þar sagði m.a.: „Stjórnvöldum ber að standa vörð um eignarhald og umráð landsmanna yfir óbyggðum Íslands og þar með bújörðum sem teygja sig inn á hálendið eða hafa sérstöðu í huga þjóðarinnar af landfræðilegum, sögulegum og menningarlegum ástæðum.“ Undir þetta skrifuðu hátt á annað hundrað einstaklingar,

margir landskunnir, en jafnframt fulltrúar ólíkra sjónarhorna, svo sem Vigdís Finnbogadóttir, Björk, Megas, Ólafur Stefánsson, Guðni Ágústsson og Halldór Blöndal.

*Hafnargerð.* Umræða um gerð hafskipahafnar á Norðausturlandi tengdist nokkuð Grímsstaðamálinu, enda mun Halldór Jóhannsson, talsmaður Huangs Nubo, einnig hafa starfað sem „skipulagsráðgjafi“ Langanesbyggðar. Raunveruleg tengsl þessara mála voru þó óljós. Vopnfirðingar binda vonir við hafnargerð við Finna fjörð og sumir ræddu jafnvel um olíuhreinsistöð á þeim slóðum, en landeigendur voru ekki allir heillaðir. Skoðanir voru líka skiptar meðal stjórnmalamanna, bæði úr hópi stjórnar og stjórnarandstöðu; Höskuldur Þórhallsson var mjög áhugasamur um hafnarmálið en Kristján Þór Júlíusson hugsí. Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings, kvartaði yfir tregðu ráðamanna og umræðu sem fældi fjárfesta frá, en Morgunblaðið kvartaði hins vegar yfir linku Steingríms J. Sigfússonar í málinu „gagnvart samstarfsflokknum“. Og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir spurði í blaðagrein 30. júlí hvort einstakir landeigendur og fjárvana sveitarfélög ættu „að taka ákvarðanir sem varða heildarhagsmuni lands og þjóðar langt inn í framtíðina.“ — Þór Jakobsson benti hins vegar á að í rauninni hefði það verið fyrirsjáanlegt um alllangt skeið að norðurleiðin myndi opnast. Stjórnvöld hefðu því átt að vera komin lengra í undirbúningi umskipunarhafnar og í samráði við vestræn lýðræðisríki, t.d. Evrópuríkin og Kanada. Hins vegar verði ekki um að ræða siglingar allan ársins hring heldur frá miðju sumri og fram á haust.

*Harpa.* Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur var ráðinn forstjóri Hörpu. Þá var rekstur Hörpu færður í eitt félag en þau höfðu verið átta áður, öll með sérstakar stjórnir og tilheyrandi kostnaði. Þó að nýting hússins væri nokkuð góð var mikið tap af rekstri þess og skiptar skoðanir um réttmæti þeirra háu fasteignagjalda sem borgin, annar aðaleigandinn, innheimtir af því.

*Haustræt.* 10. september brast á norðanstórviðri sem olli víða vandræðum, einkum norðanlands þar sem kyngdi niður snjó en annars staðar var bálhvasst. Skemmdir urðu miklar á raflínum, fjöldi staura brotnaði og fjöldi bæja varð rafmagnslaus. Er þetta talið mesta tjón sem RARIK hefur orðið fyrir síðan 1995. Lýst var yfir neyðarstigi sem ekki var aflétt fyrr en 14. september. Norðanlands fóru samgöngur mjög víða úr skorðum, enda bílar margir vanbúnir.

Fénaður lenti víða í hrakningum og fennti í stórhópum, einkum norðaustanlands; mánuði síðar var þó enn að finnast lifandi fé í fönn. Göngur og smalamennskur, sem fara áttu fram um þetta leyti, voru víða í uppnámi, hestum varð ekki við komið og smalamennskur breyttust í björgunaraðgerðir sem stóðu yfir dögum saman. Björgunarsveitir lögðu á sig

mikið starf við leit að fé í fönn, t.d. í Mývatnssveit og á Þeystareykjum. Í Vatnsdal urðu mikil flóð sem settu hross og fé í sjálfheldu. Sums staðar hraktist fé í skurði heima á túnum. Þetta hret reyndist forsmekkurinn að óvenjuhörðum vetri norðanlands.

Í byrjun nóvember rauk upp mikið norðanhvassviðri á landinu sem olli tjóni víða. Samgöngur gengu úr skorðum, ófærð var mikil norðanlands og á Vestfjörðum; flug stöðvaðist og rafmagnslaust varð um tíma sunnanlands. Í Reykjavík urðu mikil vandræði; þök fuku og loka þurfti Laugavegi er plötur fóru að losna af húsum en vindhviður fóru upp í 64 m/sek á Kjalarnesi. Nágreppi turnsins við Höfðatorg var hættusvæði þar sem fólk fauk hreinlega. Stórskemmdir urðu á göngustíg við Sæbraut eftir brim og fokskemmdir miklar á trjám.

*Hvalveiðar engar.* Kristján Loftsson tilkynnti að ekki yrðu veiddir hvalir sumarið 2012. Ástæðuna sagði hann þá að ekki hefðu tekist samningar um kaup og kjör við Sjómannafélagið en gert hafði verið ráð fyrir að um 100 starfsmenn yrðu í Hvalfirði sumarlangt. — Reyndar hefði markaður í Japan heldur ekki náð sér eftir flóðbylgjuna miklu.

*Hvítabjörn* var talinn hafa sést við Vatnsnes 4. júlí. Ítalskir ferðamenn töldu sig hafa séð dýrið á sundi og höfðu tekið af því ljósmynd, auk þess sem spor sáust í fjörusandi. Var brugðist hart við, byssumenn við Húnaflóa settir í viðbragðsstöðu og leitað vandlega, en ekkert fannst. Við nánari athugun reyndust spörin vera eftir kajakræðara.



*Hvalur 6 og Hvalur 7 í lokahöfn í Hvalfirði*

*Iðnaðarsalt.* Í byrjun árs komst í hámæli að hér á landi hafa menn lengi notað iðnaðarsalt í matvælaíðnaði. Ölgerðin Egill Skallagrímsson hefur flutt það inn og selt árum saman. Matvælastofnun var gagnrýnd fyrir sinnuleysi, en framleiðendur báru því við að þeir hefðu verið í góðri trú um að nota mætti slíkt salt í matvæli.

*Íslenskar kvikmyndir.* Af íslenskum kvikmyndum ársins 2012 hlutu tvær mesta athygli. Önnur var spennumynd Óskars Þórs Axelssonar, „Svartur á leik“ sem byggð er á samnefndri bók Stefáns Mána og var frumsýnd 2. mars. Hin var kvikmynd Baltasars Kormáks, „Djúpið“, frumsýnd 21. september. Hún fjallar um það er togbáturinn Hellisey sökk við Heimaey 1984 og ótrúlega björgun Guðlaugs Friðþórssonar sem synti í land. Djúpið fékk góðar viðtökur víða um heim.

*Jón Baldvin Hannibalsson* sætti harðri gagnrýni eftir að tímarit birti bréf sem hann var sagður hafa skrifað ungrri systurdóttur eiginkonu sinnar.

*Kína.* Wen Jiabo forsætisráðherra Kína var í opinberri heimsókn á Íslandi 20.–22. apríl. Hitti hann Jóhönnu Sigurðardóttur og heimsótti forseta Íslands, en Össur Skarphéðinsson fundaði með hinum kínverska ráðherra auðlindamála og landnýtingar. Rætt var um ýmislegt, svo sem mannréttindi og jarðhita, og gerðir samningar um samstarf í jarðhitamálum, norðurslóðarannsóknir o.fl. Eftt var til mótmæla fyrir utan Þjóðmenningarhúsið meðan á fundum stóð. Kínverski ísbrjóturinn Snædrekkinn kom til Íslands um miðjan ágúst. Af því til tilefni var m.a. haldið málþing um norðurslóðamálefni í Háskóla Íslands.

*Lagarfljótsormur á netinu.* Myndband af „Lagarfljótsormi“ var birt á vef RÚV í febrúar. Þó að erfitt væri að dæma um það hvaða fyrirbæri þetta var í raun og veru vakti myndbandið gífurlega athygli, ekki síst erlendis.

*Landakotsskóli.* Í nóvember kom út ítarleg skýrsla á vegum rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar á Íslandi þar sem fjallað var um kærur um kynferðislegt og andlegt ofbeldi gegn börnum í Landakotsskóla. Séra Ágúst George skólastjóri og Margrét Müller kennari voru þar borin þungum sökum um ofbeldi og misbeitingu valds. Í skýrslunni kemur einnig fram að margir fleiri bera ábyrgð á þeirri áralöngu þöggun og yfirhlymingu sem viðgekkst, m.a. biskupar kirkjunnar, en skýrslan er ekki síst helguð umfjöllun um það hvernig standa skuli að meðferð slíkra mála.

*Landssamband lífeyrissjóða* kynnti skýrslu í febrúarbyrjun um úttekt á tapi lífeyrissjóða á hlutabréfum á árunum 2008–2010, sem nam samtals tæpum 480 milljörðum. Mest var tapið á Exista og skyldum félögum, um 171 milljarður, en um 77 milljarðar á Baugi og tengdum félögum. Lífeyrissjóður ríkisins tapaði einna mestu.

*LennonOno-fríðarverðlaun.* Yoko Ono afhenti fríðarverðlaun þau sem kennd eru við John Lennon og hana í Reykjavík 9. október, á fæðingardeggi Lennons, um leið og kveikt var á fríðarsúlunni í Viðey. Meðal þeirra sem fengu hér viðurkenningar voru söngkonan Lady Gaga, John Perkins og Rachel Corrie, þ.e. foreldrar hennar fyrir hönd minningar-sjóðs um hana. — Reyndar vöktu búningur og ræða Jóns Gnarr borgarstjóra ekki síst athygli við þetta tækifæri.

*Líkamsárás á lögmannsstofu.* Að morgni 5. mars var ráðist á starfsmann lögmannsstofunnar Lagastoðar og hann særður illa með hnífi. Árásarmaðurinn hafði lent í fjárhagslegum vandræðum og Lagastoð verið falið að innheimta skuld hans. Guðni Bergsson, einn lögfræðinga stofunnar, kom starfsmanninum til hjálpar og náði að skakka leikinn en hlaut áverka. Árásarmaðurinn var handtekinn, settur í gæsluvarðhald og gert að sæta geðrannsókn. Hann hlaut 14 ára dóm fyrir árásina enda mátti litlu muna að starfsmaðurinn léti lífið.

*Manndráp.* Ungur maður var handtekinn í febrúar eftir að kona fannst látin í húsi í Hafnarfirði. Í ljós kom að hann hafði banað henni undir áhrifum vímuefna. Taldi hann sig hafa drepið „geimveru“. Hann var dæmdur í 16 ára fangelsi.

*Mansal.* Lögregla rannsakaði ásakanir um að mansal væri stundað í tengslum við kínverska nuddstofu á höfuðborgarsvæðinu; kínverskum starfsmönnum væri haldið þar í e.k. nauðungarvinnu.

*Málfrelsi fyrir dómi.* Tvær íslenskar blaðakonur unnu mál gegn íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Björk Eiðsdóttir og Erla Hlynisdóttir höfðu verið dæmdar fyrir meiðyrði er þær höfðu eftir þung orð sem viðmælendur þeirra höfðu látið falla í viðtölum. Ríkinu var gert að greiða blaðakonunum samtals hátt í 10 milljónir í bætur.

Héraðsdómur í Reykjavík úrskurðaði að Valitor hefði verið óheimilt að loka greiðslugátt Data Cell, sem annaðist greiðslu framlaga til uppljóstrunarvefsins Wikileaks. — „Stór dagur fyrir málfrelsið í heiminum.“ sagði Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Data Cell.

Hæstiréttur dæmdi Svavar Halldórsson 15. nóvember til að greiða Jóni Ásgeiri Jóhannssyni miskabætur upp á 300 þúsund og milljón í málskostnað fyrir ummæli í frétt. Ummælin snerust um að Jón Ásgeir, Pálmi Haraldsson og Hannes Smárason hefðu skipulagt „Panama-fléttu“. Svavar hafði verið sýknaður í undirrétti og raunar var ásökunin ekki afsönnuð. Svavar hafði hins vegar ekki haft samband við Jón og borið sakargiftir undir hann. Teitur Atlason var hins vegar sýknaður af meiðyrðakæru Gunnlaugs M. Sigmundssonar.

*Misfætlingar.* Leikkonan Ólöf Hugrún Valdimarsdóttir upplýsti í nóvember að fætur hennar væru svo misstórir að skeikaði tveimur skónúmerum og auglýsti eftir einhverjum í svipuðum sporum sem hefðu hug

á samstarfi um skókaup. Hún fékk svo sterk viðbrögð að hún stofnaði umsvifalaust síðu fyrir „Félag misfætlinga“ á Facebook.

*Musterisriddarar í Kerlingarfjöllum?* Ítalskur „dulmálssérfræðingur“, Giancarlo Gianazza, kom til landsins og gerði út leiðangur á Kjöl og í Kerlingarfjöll til að leita að gersemum musterisriddara eftir „vísbendingum“ frá endurreisnarlistaverkum og La divina commedia, aðallega þó kaleiknum helga. Fjöldi Íslendinga var með í för en ekkert fannst þó.

*Nafnabreytingar* einstaklinga höfðu aldrei verið fleiri en árið 2012. Hjá Þjóðskrá voru alls skráðar 8730 breytingar og bar þar mest á breytingum kenninafna, oftast þannig að fólk kennir sig við móður sína, auk föður. Hins vegar er tölvukerfi Þjóðskrár ekki fullkomnara en svo að ekki er hægt að hafa fleiri en 34 stafi í nafni.

*Óþekkti embættismaðurinn* eftir Magnús Tómasson var loks fluttur í september frá hinu lokaða torgi milli Lækjargötu og Hótel Borgar, þar sem hann hefur staðið frá 1994, og settur niður á Tjarnarbakkanum framan við Iðnó þar sem hann stefnir á Ráðhúsið.

*Samherji.* Í mars létu Seðlabankinn og embætti sérstaks saksóknara gera húsleit hjá útgerðarfélaginu Samherja, bæði í Reykjavík og á Akureyri, vegna gruns um brot á gjaldeyrislögum. Samherjamenn báru af sér sakir og mótmæltu harðlega. Í lok ársins var enn ekki komin fram nein niðurstaða rannsóknar né heldur kæra.

*Sílikonbrjóstapúðar.* Fréttir um leka sílikonbrjóstapúða frá fyrirtækinu PIP í Frakklandi ollu verulegum áhyggjum á Íslandi. Iðnaðarsílikon var notað í púðana og þeir hafa ekki reynst endingargóðir. Þeir voru hins vegar tiltölulega ódýrir og seldir víða um heim. Alls er talið að 440 konur hér á landi sé með slíka púða og hefur hluti þeirra íhugað málsókn gegn Jens Kjartanssyni lýtalækni. Jens kvaðst hafa verið „algjörlega grandalaus“ um að hann hefði verið að selja gallaða vöru. Ríkið hét því að greiða kostnað við ómskoðun og að fjarlægja gallaða púða.

*Sinueldur,* mó- og kjarreldur varð þrálátur í landi Hrafnabjarga í Laugardal í Súðavíkurbreppi í byrjun ágúst. Voru upptök hans rakin til þess að ferðamenn hefðu farið óvarlega með einnota grill. Margra daga baráttu við eldinn lauk loks með aðkomu Landhelgisgæslu og slökkviliða nágrannasveitarfélaga. Hafði hún þá kostað Súðavíkurbrepp 7 milljónir, um 10% af skatttekjum sveitarfélagsins, sem varð að leita aðstoðar jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

*Skattakóngur.* Þorsteinn Hjaltested á Vatnsenda var enn skattakóngur Íslands, greiddi rúmar 185 milljónir í skatt.

*Skuldamál heimila.* Umbóðsmaður skuldara birti gögn um skuldamál heimila og vinnu við að greiða úr málum þeirra. Rúm 4 þúsund hafa sótt um greiðsluaðlögun frá 2010. Tæp 33% eru á aldrinum 30–39. Hjón með

börn eru 29%. Einhleypingar eru þó fleiri, eða 38%, en einstæðir foreldrar eru 23%. Flestar umsóknir koma frá Reykjavík, eða frá 1,3% íbúa, en hæst hlutfall umsókna er hins vegar frá Suðurnesjum, eða sem svarar til 2,8% íbúa. Lægst hlutfall þeirra sem leita aðstoðar er meðal íbúa á Vestfjörðum og Austurlandi, um 0,5%.

Ef umboðsmaður samþykkir umsókn er skipaður sérstakur milligöngumaður milli skuldara og kröfuhafa og gerður samningur um greiðslutilhögun sem varir í 1–3 ár. Um 27% geta ekkert greitt af lánum sínum en 23,5% geta greitt 100–200 þúsund á mánuði. 12% ráða jafnvel við að greiða yfir 200 þúsund á mánuði. Samningar geta kveðið á um frystingu eða jafnvel niðurfellingu skulda að samningstíma loknum. Aðeins um 5,5% skuldara hafa jákvæða eignastöðu; aðrir eru í skuld. Tæp 68% eru með skuldir innan við 20 milljónir, þar af 37% innan við 10 milljónir, og er greinilegt að flest vandræði venjulegs fólks tengjast glímunni við að eignast þak yfir höfuðið.

*Slitastjórn Landsbankans* stefndi sjö fyrrverandi stjórnendum og krafðist skaðabóta. Meðal hinna stefndu voru bankastjórnarnir, Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón P. Árnason, og bankaráðsmaðurinn Kjartan Gunnarsson.

*Snjóflóðavarnir.* Á vegum Ofanflóðasjóðs var unnið við snjóflóðavarnir eða undirbúning þeirra víða um land, í Bolungarvík, á Bíldudal, Fáskrúðsfirði, Ísafirði, Norðfirði, Patreksfirði og Siglufirði.

*Sprengja.* Í lok janúar sprakk heimatilbúin sprengja neðarlega á Hverfisgötu, skammt frá Stjórnarráðinu, um sjöleytið að morgni. Lögreglu var tilkynnt um málið en hún aðhafðist ekkert fyrr en eftir aðra ábendingu, um tveimur tímum síðar. Þá voru sérfræðingar sendir á staðinn. Maður á áttræðisaldri var handtekinn nokkru síðar og viðurkenndi að hafa staðið fyrir sprengingunni. Hefði hann ætlað henni að flytja pólitísk skilaboð en ekki valda skaða.

*Strokufangi.* Mánudaginn 17. desember strauk Matthías Máni Erlingsson, fangi á Litla-Hrauni sem hlotið hafði fimm ára dóm fyrir tilraun til manndráps. Var talið að hann hefði klifrað yfir vírnetsgirdingu, en öryggismyndavél var biluð og engin slóð fannst. Næstu daga var hans leitað á höfuðborgarsvæði og víða um Suðurland en fólk varað við honum þar sem hann væri talinn hættulegur. Strokufanginn gaf sig fram að morgni aðfangadags á Ásólfstöðum í Þjórsárdal. Hann var vel búinn, vopnaður riffli með hljóðdeyfi, með skotfæri, hnifa, öxi og mat. Hafði hann brotist inn í sumarbústaði og haft þar náttstað auk þess sem hann hafði sótt sér þennan búnað.

*Svarta keilan.* Spænski listamaðurinn Santiago Sierra sýndi í Hafnarhúsinu í byrjun árs. Afhenti hann m.a. borginni verk sitt „Svörtu keiluna, minnisvarða um borgaralega óhlýðni“ með þeim skilyrðum að það



*Svarta keilan, táknmynd borgaralegrar óh ýðni, fyrir framan Landsímahúsið; til hægri sést í gaflinn á gamla Kvennaskólanum (Nasa) — þrætuefni borgarbúa og skipulagsyfirvalda.*

yrði haft á Austurvelli. Var því komið fyrir tímabundið beint framan við Alþingishúsið. Verkið er 180 cm hár steinn sem járnfleygur hefur verið rekinn ofan í svo að sprunga hefur myndast. Á steininum er skjöldur með tilvitnun í mannréttindayfirlýsingu franska þingsins frá 1793: „Þegar ríkisstjórn brýtur á rétti þegnanna, þá er uppreisn helgasti réttur og ófrávíkjanlegasta skylda þegnanna sem og hvers hluta þjóðarinnar.“ Ekki vakti verkið óblandna hrifningu allra og ýmsir voru óánægðir með staðsetningu þess, m.a. Alþingi sjálft. Að lokum ákváðu borgaryfirvöld að flytja það á hellulagt torg á horni Thorvaldsenstrætis og Kirkjustrætis, á suðvesturhorn Austurvallar. — En svo kaldhæðnislega vill þó til að þar stendur Svarta keilan skáhallt framan við Landsímahúsið, sem skipulagsyfirvöld borgarinnar hyggjast heimila að breytt verði í hótél, þrátt fyrir áköf mótmæli fjölmargra borgarbúa.

*Varðskipið Þór.* Varðskipið nýja, Þór, þurfti að fara til viðgerða í febrúar vegna titrings frá vélum. Skýringar fundust ekki svo að ákveðið var að skipta um aðra vélina en kostnaður af því féll á framleiðandann, Rolls Royce. — Hinn gamli Þór var hins vegar loks dreginn frá Gufunesi, þar sem hann hefur legið undanfarin ár, suður í Njarðvík þar sem hann var rifinn í brotajárn.



*Verðlaun Ásu Guðmundsdóttur Wright.* Gylfi Zoëga hagfræðingur og háskólakennari hlaut heiðursverðlaun úr sjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright fyrir fræðastörf sín og miðlun upplýsinga til almennings.

*Vigdís Finnbogadóttir* fékk Blixen-verðlaunin svonefndu 30. nóvember. Danska akademían veitir þau, einkum erlendum rithöfundum, en þau hafa ekki verið veitt frá 2006.

*Vilborg Arna Gissuradóttir* hóf göngu á Suðurláun ein síns liðs 19. nóvember, um 1100 km leið.

*Pungar refsingar.* Annþór Kristján Karlsson og Börkur Birgisson fengu þunga fangelsisdóma fyrir ofbeldisbrot og fjárkúgun í lok ársins, sá fyrarnefndi sjö ár en hinn síðarnefndi sex ár.

